



Kíktu í BT
BT
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 13. apríl 2005 · 15. tbl. · 22. árg.

Ljós selur myndaður á Grænagarðshafi



Lét nærgöngulan ljósmynd- ara ekki styggja sig

Hann var í ljósara lagi selurinn sem lá makindalega á lagnaðaris skammt innan til við Grænagarðshafið í Skutulsfirði fyrir helgi. Hann lét nærgöngulan ljósmyndara ekkert á sig fá og má í raun vart á milli sjá hvor var forvitnari selurinn ljósi eða ljósmyndarinn. Það var Halldór Sveinbjörnsson sem var hinn forvitni ljósmyndari.



Frá Þingeyrarhöfn.

Sjóvarnir á Þingeyri

Ekki háðar mati á umhverfisáhrifum

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur að fyrirhugaðar sjóvarnarframkvæmdir Siglingastofnunar á Þingeyri skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Þetta var samþykkt á fundi nefndarinnar fyrir skömmu. Annars vegar er um að ræða 230 metra langa sjóvörn neðan til á Þingeyrarodda og hins

vegar 200 metra langa sjóvörn við smábátahöfnina. Samtals er um að ræða tæpa 6.000 rúmmetra af grjóti sem fara í þessar framkvæmdir. Grjótið verður tekið úr námu í landi Kjaransstaða í Dýrafirði.

– hj@bb.is

úrval
Samkaup

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
Verið velkomin!

Samkaup úrval
NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudröflingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og hlífðara að gegna löryskulúttækni til framtíðar.



Lögreglan

Þrjár bílar út af

Tveir bílar lentu utan vegar í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði á þriðjudag í síðustu viku. Fólksbíl fór út af Vestfjarðavegi í Öundurfirði og skemmdist lítið. Þá fór jeppi út af vegi í Tungudal innan Ísafjarðar. Á mánudagskvöld fór fólksbíl út af Hnífsdalvegi. Engin slys urðu á fólki í þessum óhöppum.

– *thelma@bb.is*

Brunavarnir á Hlífl

Ágúst og Flosi lægstir

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu tæknideildar bæjarins um að gengið verði til samninga við Ágúst og Flosa ehf. um framkvæmdir við brunavarnir á Hlífl I og II á Ísafirði. Verkið var boðið út fyrir skömmu og bauð fyrirtækið rúmlega 1,5 milljónir króna. Kostnaðar-áætlun var tæpar 1,7 milljónir króna. Tvö önnur tilboð bárust í verkið. Spýtan ehf. bauð 1,7 milljónir króna og Vestfirskir verktakar ehf. buðu 1,54 milljónir króna.

– *hj@bb.is*

Fræðslumiðstöðin

Fær tæplega milljón

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur hlotið styrk að upphæð 960 þúsund krónur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla en alls hlutu 101 verkefni styrk á árinu. Til úthlutunar voru 17,5 milljónir kr. Um framlög úr sjóðnum geta sótt þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir grunnskólakennara, t.d. skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, kennaramenntunarföstudanir, félög og fyrirtæki. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

– *thelma@bb.is*

Byggðasafnið

Guðfinna í stjórn

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur kosið Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur í stjórn Byggðasafns Vestfjarða. Þá var Magni Guðmundsson kosinn varamaður í stjórninni. Fyrir nokkru ákváðu sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum að skipa hvert um sig einn fulltrúa í stjórn Byggðasafnsins. Var sú ákvörðun tekin á sameiginlegum fundi sveitarstjórna.

Einar Kristinn Guðfinnsson

„Ákvörðun sjávarútvegsráðherra sýnir að hægt er að flytja opinber störf“

Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður segir fyrir öllu að ákvörðun sjávarútvegsráðherra, um flutning starfa við veiðieftirlit Fiskistofu, sýni að hægt sé að flytja opinber störf á landsbyggðina og mikilvægt sé að þessi ákvörðun verði öðrum ráðherrum fordæmi. Nefnir hann í því sambandi hluta af starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Sem kunnugt er hefur Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra ákveðið að flytja á fjórða tug starfa við veiðieftirlit Fiskistofu frá Reykjavík. Ekkert þessara starfa flyst þó til Vestfjarða þrátt fyrir stefnu stjórnvalda um uppbyggingu Ísafjarðar sem byggðakjarna. Meðal annars er stofnað nýtt útibú Fiskistofu í Stykkishólmi og mun núverandi útibú á Ísafirði heyra undir Stykkishólmi.

Einar Kristinn segir ákvörðun sjávarútvegsráðherra sanna að hægt sé að flytja opinber

störf frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. „Það hefur því miður verið mikil tregða í flutningi opinberra starfa til landsbyggðarinnar og því verið borið við að tilfærsla opinberra starfa væri mjög erfíð. Nú hefur sjávarútvegsráðherra sannað að þetta er hægt. Hins vegar má alltaf um það deila hvert störfin eiga að flytjast og að sjálfsögðu hefði ég viljað að þessi störf flyttust til Vestfjarða. Það var þó ákvörðun ráðherra að gera þetta með þessum hætti og að þeirri ákvörðun komu þingmenn ekki“, segir Einar.

Aðspurður hvort þessi ákvörðun sjávarútvegsráðherra sé ekki vonbrigði í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið um uppbyggingu byggðakjarna á Ísafirði segir Einar Kristinn svo vera. „Eins og ég sagði áðan hefði ég viljað að þessi störf hefðu flust vestur. Aðalatriðið er það

fordæmi sem öðrum ráðherrum er gefið með þessari ákvörðun. Þessi ákvörðun sýnir að það er hægt að flytja opinber störf á milli landshluta. Þegar ein stofnun eins og Fiskistofa flytur jafnmörg störf og nú er raunin leiðir það hugann að öðrum ríkisstofnunum þar sem hægt væri að taka svipaðar ákvarðanir.“

Í því sambandi nefnir Einar Kristinn Tryggingastofnun ríkisins. „Sú stóra og mikla stofnun rekur í dag útibú á landsbyggðinni og innan hennar eru mjög mörg störf sem auðveldlega mætti flytja þangað ef áhugi væri þar fyrir hendi. Einnig vil ég nefna þá nýju stofnun innan landbúnaðarins sem nú stendur til að stofna. Fleiri stofnanir má nefna í þessu sambandi en aðalatriðið er að það er hægt að flytja störf til ef áhugi er fyrir hendi“, segir Einar Kristinn Guðfinnsson. – *hj@bb.is*

Vinsæll skoskur fyrirlesari heldur námskeið á Ísafirði

Námskeiðið ókeypis og öllum opið



James McLetchie.

Námskeiðið í uppbyggingu og rekstri ferðaþjónustufyrirtækja verður haldið á Ísafirði á sunnudag. Leiðbeinandi á

námskeiðinu verður Skotinn James McLetchie. James rekur eigið fyrirtæki á Outer Hebrides, eyjum norður af megin-

landi Bretlands.

„Þegar James hætti á sjónum, tók hann þá ákvörðun að búa áfram í sínum litla heimabæ og hella sér út í ferðaþjónustu og er nú búinn að þróa mjög skemmtilegar ferðir sem byggja á náttúru og sögu svæðisins. Framtak hans hefur vakið mikla athygli í Skotlandi og er hann orðinn mjög vinsæll fyrirlesari og leiðbeinandi í heimalandi sínu og víðar. Hann kemur hingað vestur eftir að hafa verið á Falklands-eyjum að kenna þarlendum ferðaþjónum um uppbyggingu náttúrferðamennsku“, segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Námskeiðið verður haldið á sunnudag frá klukkum 10-16. Það fer fram á ensku en íslenska verður ráðandi í hópavinnu. Námskeiðið er ókeypis og öllum opið. Nauðsynlegt er að skrá sig á námskeiðið á pósthfanginu info@isafjordur.is. Staðsetning þess hefur ekki enn verið ákveðin, en upplýsingar þar um verða sendar áhugasömum með tölvupósti.

– *halfdan@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM REFA- OG MINKA-EYÐINGU Í ÍSAFJARÐARBÆ

Ísafjarðarbær auglýsir hér með eftir refaskyttum og minkabönum til eyðingar refa og minka í lögsögu Ísafjarðarbæjar árið 2005. Tilhögun veiðanna verða með sama hætti og á síðasta ári og stuðst við tillögur um „Veiðar á ref á mink í Ísafjarðarbæ“, frá 2. apríl 2004.

Nánari upplýsingar gefur starfsmaður landbúnaðarnefndar Þórir Örn í sínum 450 8000 og 456 8161.

Umsóknir berist til skrifstofu Ísafjarðarbæjar Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði fyrir kl. 12.00 á hádegi þann 26. apríl 2005.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ.



Byssusýning næstkomandi laugardag í Vélsmiðjunni Þrym 2. hæð. kl. 10-14 Allir velkomnir Vesturröst

Lögreglan á Ísafirði

Fimm umferðaróhöpp

Fimm umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði í nýliðinni viku en þá varð skyndilega mikil hálka á vegum. Bifreið var ekið út af veginum yfir Dynjandisheiði á mánudag í síðustu viku og fór lögreglan á Patreksfirði á vettvang. Engin slys urðu á vegfarendum en bifreiðin var ókufær eftir slysið.

Á þriðjudag missti öku- maður stjórn á bifreið sinni í Tungudal og hafnaði hún utan vegar. Engin slys urðu á vegfarendum og ekkert tjón hlaut af. Sama dag var lögreglu tilkynnt um annað umferðaróhöpp þar sem öku- maður missti stjórn á bifreið sinni við Holt í Öundurfirði. Bifreiðin hafnaði utan vegar án þess þó að velta. Engin slys urðu á vegfarendum og tjón á bifreiðinni var lítil- háttar.

Á miðvikudag missti annar öku- maður stjórn á bifreið sinni við Varnadal í Öundurfirði. Engin slys urðu heldur á vegfarendum í því óhappi né heldur tjón á ökutæki.

Tilkynnt var til lögreglunnar um árekstur tveggja bifreiða á Ísafirði á fimmtudag. Engin slys urðu á vegfarendum, en tjón nokkuð á bifreiðum.

Að auki var ekið á bláa Toyota Corolla bifreið við morgni föstudags þar sem hún stóð mannlaustr annað hvort á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Neista eða á bifreiðastæði við Menntaskólann á Ísafirði. Sá er árekstrinum olli hirti ekki um að gera eiganda eða lögreglu viðvart. Lögreglan slys urðu á vegfarendum og þeim sem hugsanlega búa yfir vitneskju um atburðinn.

Flutningur veiðieftirlits Fiskistofu til landsbyggðarinnar

„Hvar er hugmyndin um byggðakjarnann Ísafjörð?“

Guðni Geir Jóhannesson formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segist mjög hugsu yfir því að við flutning starfa hjá Fiskistofu frá Reykjavík til landsbyggðarinnar skuli ekki neitt þeirra flytjast til Vestfirðja. Sem kunnugt er ákvað Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráð-

herra að flytja á fjórða tug starfa við veiðieftirlit Fiskistofu frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Nýtt útibú verður stofnað í Stykkishólmi og mun það stýra veiðieftirliti á Vesturlandi og Vestfirðum. Útibú Fiskistofu á Ísafirði þar sem nú starfar einn maður mun í framtíðinni heyra undir útibúið í Stykkishólmi.

„Sú spurning hlýtur að vakna hvar hugmyndin um byggðakjarnann Ísafjörð sé niður komin. Stjórnmalamenn berja sér á brjóst og tala um uppbyggingu ákveðinna byggðakjarna. Með þeirri stefnu hafa menn skapað miklar væntingar og hleypst eldmóði í fólk. Þegar síðan á hölminn er komið kemur

eitthvað allt annað í ljós. Það er auðvitað með öllu ólíkandi að heilindin skuli ekki vera meiri af hálfu ríkisvaldsins. Það er öllum ljóst að hér hefur fækkað störfum í opinbera geiranum á undanförunum árum og því er þessi ráðstöfun sjávarútvegsráðherra ennþá einkennilegri“, segir Guðni Geir. – *hj@bb.is*

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Mikil vonbrigði með vegaáætlun

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti samhljóða á fimmtudag ályktun þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með fyrirhugaðar vegaframkvæmdir í samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 sem Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi og fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis lagði fram á dögnum. Í ályktuninni kemur m.a. fram að malarvegir þeir sem nú þarf að aka í Djúpi og á Ströndum séu því sem næst ónýtir og orðnir flöskuhálsar í umferð. Ályktunin er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir yfir miklum vonbrigðum með að í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 skuli ekki vera tryggt nægilegt fjármagn til að ljúka vegagerð um Ísafjarðardjúp og Arnkötuldal inn á þjóðveg nr. 1.

Næstum allir þungaflutningar fara um þjóðvegina í dag og þess vegna eru malarkaflarnir sem eftir eru í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum því sem næst ónýtir og orðnir flöskuhálsar á leiðinni. Algengt er

að þungatakmörkanir séu á þessari leið og þar með verður flutningskostnaður mjög hár. Eigi að aka þessa vegi í fjögur til sex ár til viðbótar, hvort sem er um Strandir eða Ísafjarðardjúp, þarf að fara í kostnaðarsamt viðhald á þeim, sem hægt er að komast hjá ef fjármagn verður aukið í leiðina um Djúp og Arnkötuldal.

Ísafjörður er skilgreindur sem byggðakjarni fyrir Vestfirði og þarf samgönguáætlun að taka mið af því að samgöngur að og frá byggðakjörnum séu góðar. Bæjarstjórn

Ísafjarðarbæjar vísar til ágættra og vinsamlegra viðræðna við samgönguráðherra um úrbætur í vegamálum á norðanverðum Vestfirðum og treystir því að hann ásamt öðrum þingmönnum Norðvesturkjördæmis, beiti sér fyrir hækkun fjárveitinga til vegaframkvæmda í Ísafjarðardjúpi og um Arnkötuldal, svo að unnt verði að ljúka þeim á árinu 2008.“

Ályktunin var samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum.

– *hj@bb.is*

Almenningssalernum í Neista lokað

Skelfileg umgengni



Þessi mynd var tekin skömmu eftir að verslunarmiðstöðin opnaði.

Almenningssalernum í skelfilegrar umgengni. Ítrekað hafa vaskar og klósettskálar hefur nú verið lokað vegna

verslunareigendur eru ráðþrota og munu á næstunni hugsa málið. Þeir eru leiðir yfir því að geta ekki boðið viðskiptavinum sínum þessa sjálfsögðu þjónustu. Umgengnin hefur verið verst á kvennaklósettinu. Frá því að verslunarmiðstöðin Neisti opnaði á árinu 2002 hafa viðskiptavinir fyrirtækja í húsinu getað nýtt sér salerni á neðstu hæð hússins. Á ýmsu hefur hins vegar gengið í umgengni og hafa stjórnendur húsfélagsins oft hugleitt að loka salernunum. Fyrir nokkru tók þó steininn úr að sögn Guðjóns Þorsteinssonar sem rekur verslun í húsinu. Hefur salernunum nú verið lokað í það minnsta tímabundið á meðan stjórnendur húsfélagsins hugsa sinn gang.

„Það verður að segjast eins og er að allt frá opnun þessa húss hefur umgengni á salernunum verið skelfileg. Aðkomandi hefur stundum verið þannig að henni er vart lýsandi með orðum. Oft hafa salernistækin

verið brotin og því hefur það verið mjög kostnaðarsamt að halda þessum þremur salernum við. Við höfum hins vegar ekki viljað gefast upp fyrr en í fulla hnefana. Þegar við síðan upplifðum það að einhver hafði sig í að maka saur upp um vegg í einu salerninu var mælirinn fullur. Við erum einfaldlega ráðþrota. Sá viðbjóður sem hefur mætt okkur hér er með slíkum ólíkindum að það er varla hægt að trúa því að þarna hafi mannskeppan verið á ferð“, segir Guðjón.

Aðspurður hvort hann telji líklegt að hægt verði að opna salernin að nýju fyrir almenningi segist Guðjón ekkert geta sagt. „Það er ómurlægt að geta ekki boðið okkar viðskiptavinum þessa sjálfsögðu þjónustu þegar mikið hefur verið lagt í að hafa hana eins og best verður á kosið. Því miður er staðan nú sú að töluverða hugarfarsbreytingu þarf til þess að hægt verði að bjóða þessa þjónustu að nýju“, segir Guðjón.

– *hj@bb.is*

Stóra upplestrarkeppnin

Rannveig Jónsdóttir sigraði



Upplesararnir gátu valið milli nokkurra texta eftir Guðrúnu Helgadóttur og Jóhannes úr Kötlum.

Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar á norðanverðum Vestfirðum var haldin í Hömrum á Ísafirði á föstudag. Sigurvegari varð Rannveig Jónsdóttir frá Ísafirði, í öðru sæti var Ingibjörg Kristjánsdóttir einnig frá Ísafirði og í þriðja sæti var Magnús Ingi Jónsson frá Bolungarvík.

Keppnin er nú haldin í níunda sinn og hefur staðið í allan vetur. 14 keppendur úr 7. bekk á grunnskólastigi tóku þátt í keppninni, þrjú frá Bolungarvík, tveir frá Suðureyri, tveir frá Þingeyri, einn frá Súðavík og sex frá Ísafirði. Að þessu sinni gátu upplestararnir valið milli nokkurra texta eftir höfundana Guðrúnu Helgadóttur og Jóhannes úr Kötlum. Um valið á sigurvegurinum sá dómnefnd skipuð þeim Ólafi Ólafssyni, Margréti Geirsdóttur, Bryndís Friðgeirsdóttur og Baldri Sigurðssyni sem er upphafsmaður keppninnar.

Þá var boðið upp á tónlistarflutning þar sem skólalúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar kom meðal annars

fram. Kynnir kvöldsins var Kristín Ósk Jónasdóttir, skólalúðari Grunnskólans í Bolungarvík.

Stóra upplestrarkeppnin var fyrst haldin í Hafnarfirði, en hefur breiðst ört út og nær nú í fyrsta sinn til allra landshluta. Þátttakendur eru nemendur í 7. bekkjardeildum skólanna. Markmið keppninnar er að örva áhuga barna á mórður-máli sínu og fá þau til að leggja rækt við góðan upplestur og vandaðan framburð. Auk þess eflir þátttaka í keppninni sjálfstraust nemenda og þjálfar þá í að koma fram og tala fyrir stórum hópi áheyrenda.

Sparisjóðirnir gefa peningaverðlaun í keppninni um land allt og Edda - miðlun og útgáfa gefur öllum bókaverðlaun sem lesa upp á lokahátíðinni. Mjólkursamlag Ísfríðinga styrkti hátíðina með drykkjum fyrir börnin, en foreldrar sáu um kaffi- og veitingasölu til ágóða fyrir ferðasjóð 10. bekkjar.

– *thelma@bb.is*

Atvinna

Lögreglumenn konur og karla, vantar til afleysingarstarfa við lögregluna á Ísafirði í sumar. Menn með menntun frá Lögregluskóla ríkisins ganga fyrir með störf.

Kröfur: Þarf að vera íslenskur ríkisborgari, vera andlega og líkamlega heilbrigður, hafa lokið tveggja ára almennu framhaldsnámi og standast inntökupróf í Lögregluskóla ríkisins. Leitað er að metnaðarfullum starfsmönnum, sem geta unnið sjálfstætt, og hafa ríka þjónustulund.

Við bjóðum góð laun, góðan starfsanda, góða starfsaðstöðu og dýrmæta starfsreynslu.

Frekari upplýsingar gefur Önnundur Jónsson yfirlöggregluþjónn í síma 456 4100.

Lögreglan

Forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar

Afar ósáttur við vegaaætlun



Flókalundur.

Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar er afar ósáttur við vegaaætlun sem lögð var fram á dögnum og telur hana ekki í neinu samræmi við þær vonir sem samgönguráðherra kveikti á fundi á Patreksfirði fyrir skömmu. Hann telur að með breytingum í vegaaætlun sé verið að færa hundruð milljóna úr vegagerð í Barðastrandarsýslu í vegagerð í Svínadal. Í samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 hafa þær breytingar orðið að vegar-kaflinn sem áður var Flóka-

lundur-Bjarkarlundur nær nú í Svínadal.

Guðmundur Sævar segir mikla óánægju í Barðastrandarsýslu með vegaaætlunina. „Því miður verður að segja það eins og er að hér eru menn mjög óánægðir. Í fyrsta lagi eru fjárveitingar mjög af skornum skammti og í öðru lagi er skipulagi framkvæmda breytt þannig að Svínadalur er færður að veginum í Flókalundur. Með því tel ég að verið sé að færa um 300 milljónir króna úr framkvæmdum í Barðastrandarsýslu. Svína-

dalur hefur hingað til fylgt öðrum framkvæmdum og á að gera það áfram. Það hljóta allir að sjá að vegafé á suðurfjörðum Vestfjarða er ekki til skiptanna“, segir Guðmundur Sævar.

Þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til vegamála á Vestfjörðum samkvæmt nýrri samgönguáætlun hafa fallið í mjög grýttan jarðveg meðal sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum. „Ég tek undir hvert orð sem komið hefur frá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum undanfarna daga. Þessi áætlun hefur valdið mér miklum vonbrigðum og þær vonir sem samgönguráðherra kveikti í brjóstum manna á fundi hér fyrir skömmu hafa nú dofnað mjög. Ég trúi því ekki að þetta verði niðurstaða málsins. Ég treysti því að menn hugsu málin vel næstu daga og komist að betri niðurstöðu“, segir Guðmundur Sævar.

– hj@bb.is

Formaður Félags framhaldsskólakennara

Kallar frétt um sættir Ff og skólameistara „algeran þvætting“

Formaður Félags framhaldsskólakennara, Aðalheiður Steingrimsdóttir, segir það algeran þvætting sem fram kom í frétt Svæðisútvarps Vestfjarða á fimmtudag um sættir milli félagsins og Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.

Aðalheiður átti fund með skólameistara í síðustu viku og kom fram í fyrrgreindri frétt útvarpsins að svo virtist sem sættir hefðu tekist.

„Það er alger þvættingur. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um málið, en Félag fram-

haldsskólakennara sendir frá sér yfirlýsingu þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þessa frétt Svæðisútvarpsins“, segir Aðalheiður.

– halfdan@bb.is

Félag framhaldsskólakennara

Yfirlýsing frá formanni og varaformanni



Menntaskólinn á Ísafirði.

Borist hefur yfirlýsing formanns og varaformanns Félags framhaldsskólakennara. Yfirlýsingin fer hér á eftir í heild: „Við undirrituð gerum alvarlegar athugasemdir við frétt Svæðisútvarpsins á Ísafirði, 7. apríl sl. þar sem greint er frá fundi formanns og varaformanns Félags framhaldsskólakennara með skólameistara Menntaskólans á Ísafirði 7. apríl sl. og um þá staðhæfingu í frétt Svæðisútvarpsins „að svo virðist sem sættir hafi náðst“ á þeim fundi. Vegna ofangreindrar fréttar viljum við taka fram:

Formaður og varaformaður Félags framhaldsskóla-

kennara héldu fund með félagsmönnum sínum í kennarafélagi Menntaskólans á Ísafirði 7. apríl sl. Tilgangurinn var að kynna nýgerðan kjarasamning fyrir framhaldsskóla sem undirritaður var 18. mars sl. með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Fyrir fundinn með kennurum áttum við stuttan og óformlegan spjallfund með stjórnendum MÍ að ósk þeirra. Á fundinum sem stóð tæpar 30 mínútur ítrekuðu fulltrúar félagsins þau sjónarmið að ræða ekki málefni þeirra félagsmanna við Menntaskólann á Ísafirði sem félagið rekur á öðrum og viðeigandi vettvangi samkvæmt beiðni

þeirra. Við lýstum í lok fundar yfir þeim vilja okkar að eiga í framtíðinni góð samskipti við stjórnendur MÍ eftir að niðurstaða hefur fengist í þeim málum félagsmanna við skólann sem félagið hefur með höndum. Þrátt fyrir að hreinskilni hafi einkennt samræður á fundinum ítrekum við að um óformlegan spjallfund var að ræða sem ekki ber að túlka á annan og viðameiri hátt.“

Undir yfirlýsinguna rita Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður Félags framhaldsskólakennara og Haukur Már Haraldsson varaformaður félagsins.

Heyrir þú illa?

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði dagana 26. - 27. apríl við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja.

Tímamantanir í síma 893 5960.

Í boði eru margar gerðir og verðflokkar af heyrnartækjum.



Stuttur afgreiðslutími - Persónuleg þjónusta

Heyrnartækni
www.heyrnartaekni.is

Glaesibær Álheimum 74 104 Reykjavík sími: 568 6880
Tryggvabraut 22 600 Akureyri sími: 893 5960

Fimmta skáldsaga Eyvindar

Segir söguna sálfræðitrylli

Út kemur í vikunni skáldsagan Örfok eftir rithöfundinn, skáldið og Vestfjarðagoðann Eyvind P. Eiríksson. Aðspurður segir Eyvindur söguna sálfræðitrylli. Örfok er 5. skáldsaga Eyvindar, en að auki hafa komið út eftir hann útvarpsögur, smásögur, ljóðabækur og leikrit. Lafleur útgáfan gefur Örfok út.



Eyvindur P. Eiríksson.

– halfdan@bb.is

Ritstjórnargrein

Að gefnu tilefni!

Óháð fréttablað á Vestfjörðum (nú í 20 ár). Þessa yfirlýsingu á forsíðu blaðsins telja útgefendur sig hafa staðið við frá fyrstu tíð. Það merkir ekki að blaðið sé skoðanaalaust, taki ekki afstöðu. Öðru nær. „Blaðið mun hér eftir sem hingað til bregðast hart við þegar það telur hagsmunum Vestfirðinga í húfi“, var skorinort svar blaðsins við, að sögn, „dæmalausri“ umfjöllun í tilteknu máli. Hvað felst þá í orðunum óháð fréttablað? Jú, blaðið hefur ekki tekið og mun ekki taka flokkpólítiska afstöðu. Ekki undir neinum kringumstæðum. Blaðið úthýsir hins vegar ekki skrifum fólks, né velur þau, eftir flokksmerkjum. Blaðið stendur öllum opið sem vilja tjá sig um mál líðandi stundar, hagsmunamála okkar Vestfirðinga og raunar hvað sem er, innan þeirra marka, sem blöð almennt setja sér.

„Menn mun ávallt greina á um efnistöðum blaðsins í einstökum málum, hjá því verður ekki komist, en ég tel að BB hafi sannað í gegnum tíðina að hér fer sjálfstætt blað sem tekur hverju sinni afstöðu eftir málefnum en ekki eftir því hverjir eiga hlut að máli.“ (Ummæli lesanda um blaðið á tutugu ára afmælinu.) Þetta er mergurinn málsins. Og með þetta að leiðarljósi mun blaðið halda ótrautt áfram að tjá sig um hagsmunamál Vestfirðinga, án nokkurrar minnimáttarkenndar og manngreinarálits.

Þegar áskrift að blaðinu er sagt upp vegna þess að „tilteknir“ stjórnálamenn eigi þar greiðari aðgang að en „aðrir“, er því til að svara að oftar en tölu verður á komið hefur blaðið krafðið stjórnálamenn allra flokka um afstöðu þeirra í málum er varða Vestfirðinga öðrum fremur. Blaðið hefur alla tíð staðið þeim opið til að tjá sig um hugðarefni sín. Séu sumir stjórnálamenn meira áberandi en aðrir á síðum blaðsins stafar það einfaldlega af áhuga/áhugaleysi. Hvort, eða að hvað marki þessir ágætu menn telja sig eiga erindi við kjósendur sína milli kosninga, verður hver og einn þeirra að eiga við sjálfan sig.

Bæjarins besta hefur í gegnum árin átt gott samstarf við fjölda embættis- og stjórnálamanna og vonar að svo verði áfram. Af hálfu blaðsins mun það gert á sömu forsendu og hingað til: málefnalega þrú séð frá því hvar þeir eru í pólitík. Það er fráleitt að halda því fram að blaðið mismuni stjórnálamönnum eftir því hvar þeir standa í pólitík.

Bæjarins besta telur það höfuðverkefni sitt að halda merki vestfirskra byggða á lofti. Vinna þeim allt, sem í þess valdi stendur. Til þeirra hluta þarf BB að vera óháð öllum yfirvöldum, hverju nafni sem nefnast.

s.h.

Orðrétt af netinu

Ástæða til að kaupa aðra heilsíðu í NYT?

Er vit í því að móðga vini okkar í Bandaríkjunum og Japan með því að grípa inn í framvindu réttvísinnar í þessum löndum með þeim hætti og við höfum gert? Ég verð að játa að ég el í hjarta mínu efasemdir um að rétt hafi verið staðið að málum. Menn halda e.t.v. að það sé fordæming mín á gyðingahatri sem ráði afstöðu minni þar sem Bobby Fisher er mikill gyðingahatri, en það er fleira.

Erum við að æsa okkur út af deilu sem okkur er óviðkomandi? Erum við að rífa í eyrun á hundi sem hleypur framhjá? Sá sem slíkt gerir getur orðið fyrir bita. Erum við ekki með samning við Bandaríkin um framsal afbrotanna? Mun Bobby halda áfram að fordæma og ata auri menn og þjóðir sem við berum virðingu fyrir? Hvað erum við að kalla yfir okkur? Sá spyr sem ekki veit, en ef mál þetta verður túlkað með þeim hætti á alþjóðavettvangi að við eigum hugmyndafræðilega samstöðu með Fisher er e.t.v. komin ástæða til að kaupa aðra heilsíðu í New York Times til að leiðrétta það.

krossinn.is – Gunnar Þorsteinsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655,

halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132

hj@bb.is – Thelma Hjaltdóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

· Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson

· Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.


Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og

örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Fjármagn til vegamála, væntingar íbúa



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

Samgönguráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008. Þar er gert ráð fyrir að setja 60 milljarða til vegamála á tímabilinu með meginþunga á árunum 2007 og 2008 vegna stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr opinberum framkvæmdum á meðan framkvæmdir standa sem hæst á Austurlandi. Því miður er þessi samgönguáætlun langt frá því að uppfylla væntingar og kröfur íbúa á Vestfjörðum því fjármagn til að ljúka vegalagningu á ástættanlegum tíma er of lítið.

Hér verður fyrst og fremst fjallað um norðanverða Vestfirði og Strandir enda höfum við sem búum á þessum svæðum gert okkur væntingar um að hægt væri að ljúka vegalagningu um Ísafjarðardjúpi og Arnkötuldal á næstu fjórum árum. Það er líka vel hægt sé vilji til þess að leggja aukna áherslu á þá vegagerð við endanlega ákvörðun um forgangsroðun í samgönguáætlun.

Samþykktir sveitarfélaga á Vestfjörðum

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga árið 1997 samþykktu sveitarfélög á Vestfjörðum þá stefnu í samgöngumálum að ljúka vegagerð um Ísafjarðardjúpi og um Arnkötuldal milli Stranda og Reykhólahrepps inn á þjóðveg nr. 1.

Í sömu samþykkt er kveðið

á um að ljúka vegagerð í Barðastrandasýslu inn á þjóðveg nr. 1 og í framhaldi af því að opna heilsársleið milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða með göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Var þessi samþykkt staðfest að nýju á Fjórðungsþingi 2004 með ákveðnum breytingum eins og að jarðgöng yrðu milli Dýrafjarðar og Vatnsfjarðar í Barðastrandasýslu ekki einungis milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Núgildandi jarðgangaaætlun gerir reyndar aðeins ráð fyrir göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar en mun við endurskoðun vonandi taka mið af samþykkt Fjórðungsþings 2004.

Ástand vegna í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum

Í vegaaætlun mál lesa að 1,6 milljarðar eru ætlaðir í að ljúka vegalagningu um Ísafjarðardjúpi og hefja lagningu vegar um Arnkötuldal á þessu tímabili. Þetta er mikið fjármagn en verkið er líka stórt og má í raun ekki bíða svo lengi sem vegaaætlun gerir ráð fyrir. Ástæðan er sú að næstum allir þungaflutningar fara um þjóðvegina í dag og þess vegna er malarkafinn sem eftir er í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum orðinn flöskuháls á þessari leið, þetta eru handónýtir malarvegir miðað við notkun.

Algengt er að þungatakmáknar séu á þessum leiðum og þar af leiðandi verður flutningskostnaður mjög hár.

Eigi að aka þessa vegi í fjögur til sex ár í viðbót hvort sem það er á Ströndum eða í Ísafjarðardjúpi þarf að fara í kostnaðarsamt viðhald á þeim sem hægt er að losna við ef fjármagn verður aukið í leiðina um Djúp og Arnkötuldal.

Hagkvæm framkvæmd sem nýttist mörgum

Á norðanverðum Vestfjörðum búa um 5.500 manns sem nota leiðina um Ísafjarðardjúpi og Strandir enda er það heilsársleiðin inn á þjóðveg nr. 1. Með lagningu vegar um Arnkötuldal stýttist sú leið um rúma 40 km. og nýttist um 1.000 íbúum á Ströndum til viðbótar sem styttri leið inn á þjóðveg nr. 1 og einnig sem tenging milli byggða á Ströndum og í Reykhólasveit og Dölum.

Mér er til efa að nokkur samgönguframkvæmd eins og að ljúka við veginn um Ísafjarðardjúpi og lagning vegar um Arnkötuldal nýttist jafnmörgum með jafnhagkvæmum hætti og þessi framkvæmd. Það er skiljanlegt að ríkisstjórnin hafi þá stefnu að halda aftur af þessu með samdrætti í opinberum framkvæmdum. Þessan er þó ekki til vandræða hér á Vestfjörðum, það er á öðrum svæðum sem hún á sér stað.

Samþykkt sveitarstjórna á norðanverðum Vestfjörðum

Sveitarstjórnir á norðanverðum Vestfjörðum komu saman til fundar 31. mars sl. og samþykktu: „Sveitarstjórnir á norðanverðum Vestfjörðum leggja þunga áherslu á að tryggja verði nægilegt fjármagn til að vinna áfram við að ljúka

framkvæmdum í Ísafjarðardjúpi ásamt því að stytta núverandi leið inn á þjóðveg númer eitt með vegi um Arnkötuldal. Ljóst er að veruleg arðsemi er af styttingu leiðarinnar, sem yrði aðaltenging svæðisins við þjóðveg númer eitt og jafnframt mikilvægt hagsmunamál íbúa svæðisins, fyrirtækja og ferðaafólks. Stefnit verði að því að fyrrnefndum framkvæmdum verði lokið á árinu 2008.“

Forgangsroðun

Á undanföllum árum hafa orðið stórstígar framfarir í samgöngumálum á Vestfjörðum, víða má sjá nýja vegarkafila með bundnu slitlagi sem gerir ökuferð um Vestfirði auðveldari en áður var. Enn eru þó eftir malarkafalar sem eru næstum óbreyttir síðan þeir voru lagðir fyrir 30-40 árum. Lok framkvæmda í Djúpi með brú yfir Mjóafjörð stýrtir vetrarleiðina um rúma 30 km. og Arnkötuldalsvegur heilsársleiðina um rúma 40 km. Það munar um minna en 70 km. í styttingu leiðar. Það hefur áhrif á ferðahraða, flutningskostnað og gerir svæðið samkeppnishæfara.

Það er tækifæri til þess í nýrri samgönguáætlun að láta verkin tala hvað vegamál á Vestfjörðum varðar. Ég er þess fullviss að um það ríkir sátt meðal flestra Íslendinga að leggja meiri áherslu á vegamálín hér fyrir vestan og forgangsraða öðruvísi en gert er í annars ágættri samgönguáætlun ráðherra.

Samgönguráðherra, ríkisstjórn og Alþingi. Endurskoðið forgangsroðun vegamála og sýnið okkur í endanlegri samgönguáætlun að vegi um Ísafjarðardjúpi og Arnkötuldal verði lokið á árinu 2008.

Halldór Halldórsson.



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu

Helgu Engilbertsdóttur Ísafirði

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á þjónustudeild Hlífar og öldrunardeild Fjórðungsjúkrahússins.

Ingbjörg Jónsdóttir

Hulda Jónsdóttir Jón Kristmannsson

Vignir Jónsson Lára Helgadóttir

Jón Þór Jónsson Guðmundur Ingi Guðnason

Margrét Jónsdóttir Guðni Geir Jóhannesson

og fjölskyldu þeirra

Styrkir til endurbóta á fjórða tug húsa á Vestfjörðum

Alls að upphæð 36,5 milljónir króna

Húsafríðunarnefnd ríkisins hefur veitt styrki til endurbóta á friðuðum og varðveisluverðum húsum. Voru veittir styrkir til varðveislu eftirtalinna húsa á Vestfjörðum: Salthúsið á Þingeyri (500 þúsund kr.), Riis-húsið á Borðeyri (4 milljónir kr.) og Jónassenshús á Ísafirði (200 þúsund kr.). 500 þúsund króna styrk var veitt til endurbóta á Faktors-húsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Þá fara 4 milljónir króna til endurbóta á prestbústaðnum á Brjánslæk og 100 þúsund kr. í Nesbúð á Hval-látrum. Á Patreksfirði fara 200 þúsund krónur í pakkhúsið, þrjár milljónir í Skjaldborg og fimm milljónir í Vatneyrarbúð. Á Bíldudal verður einni milljón varið til endurbóta á Smiðjunni og 200 þúsund kr. í Svalborg. 300 þúsund krónur fara í Gamla bæinn á Sveins-eyri og fjórar milljónir í Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri. Ein milljón fer í bókabúðina á Flateyri og 200 þúsund krónur í Mjallargótu 5 á Ísafirði.



Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri var eitt þeirra húsa sem hlaut styrk.

Að auki verður fé varið til endurbóta á eftirtöldum húsum: Eyrardalsbærinn í Súðavíkurbænum (4 milljónir kr.), Bjarnahús í Tröð í Súðavík (200 þúsund kr.), Einarshús í Bolungarvík (1 milljón), Hafsteinsstaðir (150 þúsund kr.), Kollsá í Bæjarhreppi í Strandasýslu (200 þúsund kr.), Ólafshús á Borðeyri (200 þúsund kr.), Bakki í Bjarnfirði (150 þúsund kr.) og Björnshús á Hólma-

vík (50 þúsund kr.). Þá fer ein milljón í endurbætur á Hjalli í Hamarsbæli á Selströnd. Eftirtaldar kirkjur á Vestfjörðum hlutu styrki: Patreksfjarðarkirkja (150 þúsund kr.), Bíldudalskirkja (700 þúsund kr.), Kaldrananeskirkja á Ströndum (1 milljón kr.), Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð (2 milljónir kr.) og Hólskirkja í Bolungarvík (700 þúsund

krónur.) Þá var veittur 750 þúsund króna styrkur til húsakönnunar á Patreksfirði og Bíldudal. Samtals veitti Húsafríðunarnefnd 187 styrki að upphæð 125 milljónir króna en styrkbeiðnir voru 210 talsins. Samtals hlutu 33 verkefni á Vestfjörðum styrki á þessu ári að upphæð 36,5 milljónir króna.

– thelma@bb.is

Íbúáping haldið í Ísafjarðarbæ í vor

Gefa á íbúum tækifæri til að hafa áhrif

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að haldið verði íbúáping í bænum í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Alta. Áætlað er að kostnaður við þingið verði um 3 milljónir króna. Þingið verður væntanlega haldið í maí. Á síðasta ári var rætt um íbúáping í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og hlaut sú hugmynd misjafnar undirtektir bæjarfulltrúa. Töldu sumir þeirra kostnaðinn við þinghaldið mikinn og bentu á að Súðavíkurbænum hefði haldið slíkt þing með góðum árangri á eigin forsendum. Á endanum var samþykkt að halda íbúáping og var stefnt að því að það yrði haldið á síðastliðnu hausti en af því varð ekki.

Á bæjarráðsfundi í síðustu viku lagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri fram tillögu um að efnt yrði til íbúáþings þann 14. maí í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Alta

„sem hefur haldið langflest íbúáping sem haldin hafa verið á landinu með góðum árangri að mati þeirra sem undirritaður hefur haft samband við“, eins og segir í tillögu bæjarstjóra.

Um íbúáþingið segir svo í tillögunni: „Íbúáþing er aðferð sem notuð hefur verið til þess að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sem tengjast tilteknu svæði tækifæri til þess að hafa áhrif á stefnumótun eða ákvarðanatöku sem snerta umhverfi sitt. Íbúáþing er skilvirk leið til að hafa samráð við íbúa um stefnumótun, skipulag eða önnur viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga“, segir í tillögunni.

Gert er ráð fyrir að undirbúningsfundur með bæjarfulltrúum, fulltrúum í nefndum og starfsmönnum verði haldinn 14. apríl en eins og áður sagði er áætlað að íbúáþingið verði 14. maí.

– hj@bb.is

1 kr. aðra leiðina

+ 440 kr.
(flugvallarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum og í somu bókun
- gildir 15. apríl - 15. maí
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is
- bókanlegt frá 5. apríl

www.flugfelag.is | 570 3030

Aðeins 1 króna fyrir börnin!

Nú getur fjölskyldan flogið saman fyrir ódýrara fargjald á manninn en nokkru sinni fyrr. Tívalið til að bregða sér af bæ, heimsækja afa og ömmu eða gera eitthvað annað skemmtilegt.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

Fyrirtækjamót Ívars í Boccia

Mótinu frestað til hausts



Frá síðasta móti.

Hið árlega fyrirtækjamót íþróttafélagsins Ívars verður haldið í október. Ákveðið var að fresta mótinu þar sem ekki var hægt að halda það í byrjun mars, eins og upphaflega var ákveðið, vegna Íslandsmóts fatlaðra í sundi. Vegna fjölda áskorana frá þátttakendum fyrirtækjamótsins undanfarin ár var ákveðið á stjórnarfundi að halda mótið fyrstu helgina í október. Vonast stjórnin til að áhugafólk um Boccia fjölmenni á mótið í haust. Mótið verður nánar auglýst þegar nær dregur.

– thelma@bb.is

Umhverfisnefnd

Tekur sæti Jóns Reynis

Magdalena Sigurðardóttir hefur tekið sæti Jóns Reynis Sigurvínssonar sem aðal- maður í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar eftir að Jón Reynir sagði af sér störfum í nefndinni. Magdalena var áður varamaður í nefndinni og hefur á undanföllum mánuðum setið þar í fjarveru Jóns Reynis. Frá þessu var gengið á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á fimmtudag. Sæti varamanns í umhverfis- nefnd tekur Sigurður Jón Hreinsson.

– hj@bb.is

Boltafélag Ísafj.

Tapaði stórt fyrir Selfossi

Lið meistaraflokks Boltafélags Ísafjarðar lék gegn liði Selfoss á sunnudag í 3. riðli B. deildar í Deildarbikarkeppni KSÍ. Leiknum lauk með sigri Selfyssinga sem skoruðu sjö mörk en liðsmenn BÍ náðu ekki að skora. Lið BÍ hefur nú leikið fjóra leiki í sínum riðli og tapað þeim öllum. Liðið er því án stiga. Lið Bolungarvíkur sem er í sama riðli hefur leikið þrjú leiki og er með þrjú stig.

– hj@bb.is

Skólahúsið Núpi

Hæsta tilboð 7 milljónir

Eignasaga ehf. í Reykjavík átti hæsta tilboðið í húsið sem áður hýsti Grunnskólann á Núpi en tilboð voru opnuð hjá Ríkiskaupum í síðustu viku. Þetta er í þriðja sinn sem húsið er auglýst til sölu. Húsið er byggt árið 1975 og er um 490 fermetrar að stærð, þar af er íbúð sem er um 173 fermetrar að stærð. Brunabótamat hússins er rúmar 63 milljónir króna og fasteignamat rúmar 14 milljónir króna. Síðastliðið haust var húsið auglýst til sölu og bárust þá sjö tilboð. Það hæsta var að upphæð 8,85 milljónir króna. Þegar hæstbjóðandi gat ekki staðið við tilboð sitt var húsið auglýst að nýju. Þá barst aðeins eitt tilboð að upphæð 1,7 milljónir króna. Var því tilboði hafnað. Að sögn Óskars Ásgeirssonar hjá Ríkiskaupum bárust nú sex tilboð og er hæsta tilboðið til umsagnar hjá fjármálaráðuneytinu og Ísafjarðarbæ.

– hj@bb.is

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps segir vegaáætlun mikil vonbrigði

Vegirnir ekki bjóðandi í nútíma þjóðfélagi



Ómar Már Jónsson.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með vegaáætlun þá sem kynnt var á Alþingi nýverið. Hann segir það mikil vonbrigði að allri umferð frá norðanverðum Vestfjörðum skuli vera stefnt áfram um nokkurra ára skeið á sveitavegi þá er liggja milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar í Djúpi. Slíkir vegir séu ekki bjóðandi í

nútíma þjóðfélagi. Samkvæmt vegaáætlun verður 1.555 milljónum króna varið til framkvæmda í Ísafjarðardjúpi á gildistíma áætlunarinnar þar af 1.250 milljónir króna á árunum 2007 og 2008. Ekki er þó ljóst hvort þessar fjárveitingar nægja til þess að ljúka framkvæmdum við þverun Mjóafjarðar og nauðsynlegru vegagerð í tengslum við þá framkvæmd.

Ómar Már segir vegaáætlun ekki hafa komið sér á óvart. „Þetta er í takt við það sem menn höfðu haft fréttir af undanfarnar vikur. Vissulega eru talsverðar fjárveitingar til framkvæmda í Mjóafirði en framkvæmdatíminn veldur miklum vonbrigðum. Það er bráðnauðsynlegt að flýta þessum framkvæmdum eins og kostur er og því set ég spurningamerki við þá tímasetningu

að þungi framkvæmdanna verði ekki fyrir en eftir næstu þingkosningar. Ég óttast því mjög að svo geti farið að þessi áætlun standist ekki. Samkvæmt henni er um nokkurn niðurskurð að ræða í framkvæmdum í Djúpinu og það eru vonbrigði. Í dag er staðan sú að þegar vegurinn yfir Eyrarfjall er lokaður fer öll umferð um Djúpið um vegi sem ekki eru boðlegir nútíma- umferð. Þar er ekki um að ræða þjóðvegi heldur sveitavegi sem alls ekki voru gerðir fyrir alla þá þungaumferð sem fer um vegina í dag“, segir Ómar.

Aðspurður hvort nokkuð óeðlilegt sé við það að niðurskurður vegna þenslu komi niður á framkvæmdum á Vestfjörðum eins og í öðrum landslutum segist Ómar Már skilja mæta vel nauðsyn þess að fara varlega í framkvæmdir. „Það er hins vegar ekki með nokkru móti ásættanlegt að flýta þessum framkvæmdum sem miða að því að koma heilum landshluta í vegasamband við aðra lands-

hluta á bundnu slitlagi skuli háðir stöðu efnahagsmála í þjóðfélaginu frá degi til dags. Það hlýtur að vera algjört forgangsverkefni þegar komið er árið 2005 að hægt sé að komast frá þessum landshluta á bundnu slitlagi.“

Í vegaáætlun er veitt 90 milljónum króna í öryggisá- gerðir á Súðavíkurhlíð og Ós- hlíð. Ómar Már segir þessar framkvæmdir ekki í takt við þá stefnu sem mótuð hefur verið meðal sveitarstjórnar- manna á svæðinu. „Á þessu svæði hafa menn tekið þá ákvörðun að stefna að gerð jarðganga frá Bolungarvík til Ísafjarðar og þaðan til Súða- víkur. Sú ákvörðun er tekin vegna þess að við teljum þær leiðir sem nú eru farnar ekki boðlegar af öryggisástæðum. Framkvæmdir fyrir örfáa milljónatugi breyta þar engu um. Því ber að taka stefnuna á gerð jarðganga. Það er eina leiðin til þess að tryggja öryggi vegfarenda“, segir Ómar Már Jónsson.

– hj@bb.is

Vinabæjamót haldið í Túnbergi

Samþykkt að senda þátttakendur frá Ísafjarðarbæ



Frá norrænu vinabæjarmóti á Ísafirði 2002.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu menningarmálanefndar um að ungmenni frá Ísafjarðarbæ taki þátt í vinabæjamóti ungmenna sem haldið verður í vinabænum Túnbergi í Noregi frá 27. ágúst til 2. september í haust. Í boðsbréfi sem barst frá Túnbergi segir

að 10 ungmennum ásamt fararstjóra sé boðið. Að tillögu menningarmálanefndar var skóla- og fjöl- skylduskrifstofu Ísafjarðar- bæjar ásamt skólalögum grunnskóla bæjarins falið að velja þátttakendur og farar- stjóra.

– hj@bb.is

Sláttur á opnum svæðum í Ísafjarðarbæ

Kostnaður verður 9 milljónir á sumri en var 13,3 milljónir



Sláttumaður að störfum.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við tvö fyrirtæki um slátt á opnum svæðum í Ísafjarðarbæ en verkið var boðið út fyrir skömmu og bárust tilboð frá níu aðilum. Jóhann B. Helgason bæjar- tæknifræðingur lagði til að tekið yrði tilboðum Gröfu-

þjónustu Bjarna á Suðureyri í slátt á opnum svæðum á Ísafirði og á Flateyri. Bauð fyrirtækið rúmar 2 milljónir króna í hvern slátt á þessum stöðum.

Þá lagði Jóhann til að tekið yrði tilboðum Féлага ehf. í Súðavík í slátt á opnum svæð- um á Suðureyri og Þingeyri

en fyrirtækið bauð rúma 1 milljón króna í hvern slátt á þessum stöðum. Í samantekt Jóhanns kemur fram að kostnaður við slátt á opnum svæðum í sveitarfélaginu verði því tæpar 9 milljónir króna á sumri en kostnaður garðyrkjudeildar hafi verið 13,3 milljónir króna.



Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar um sífellt tíðari komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar

Ekki útlit fyrir annað en áframhaldandi aukningu

Varla hefur farið framhá nokkrum manni að komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur fjölgað gífurlega á undanföllum árum. Skipin verða sífellt fleiri, þau koma oftar og þau verða sífellt stærri. Er þetta afrakstur kynningar- og markaðsstarfs sem hófst um miðbik tíunda áratugar síðustu aldar og er enn í gangi. Líður í þessu starfi er árleg ferð á ráðstefnu í Miami í Flórídafylki Bandaríkjanna. Úr einni slíkri ferð er Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar nýkominn. Þar náðust samningar við 2 stór skemmtiferðaskipafélög sem hyggjast senda til bæjarins tvö skip sumarið 2006, en annað þeirra er hið stærsta sem til Ísafjarðar hefur komið.

Dagskrá fyrir áhafnarmeðlimi

„Fulltrúar bæjarins hafa farið á þessa ráðstefnu árlega. Hún er alltaf haldin í Miami og er helsta samkoma fólks í

þessum bransa. Við erum í samstarfi við Reykjavíkurbörn og Akureyrarhöfn, auk hafnarinnar í Þórshöfn í Færeyjum og hafna á Grænlandi. Þetta samstarf hefur gefist vel og er í raun grundvöllur fyrir því að þetta sé hægt. Við sameinumst um að bjóða mönnum upp á þennan rúnt um norðurhöf.

Síðustu tvö ár hefur Seyðisfjarðarhöfn verið með í þessu samstarfi. Það gefur auga leið að skipin munu ekki stoppa í öllum höfnum á landinu, en gott er að hafa eina höfn í hverju landshorni til að stoppa á.

Á þessum ráðstefnum er það mitt hlutverk að upplýsa menn um Ísafjarðarhöfn sjálfa, svara tæknilegum spurningum og greina mönnum frá því hvers vegna þeir ættu að heimsækja Ísafjörð.

Við erum farnir að útvíkka þjónustu við skipin og síðasta sumar buðum við ekki einungis farþegum upp á afþreyingu. Húldur buðum við áhafnarmeðlimum upp á dagskrá,

gáfum þeim meðal annars kost á því að fara í fótbolta. Það mæltist afskaplega vel fyrir þar sem stór hluti áhafnarinnar er í frí á meðan skipin eru í landi.“

Stærsta skip sem til bæjarins hefur komið

– Og þetta markaðsstarf hefur skilað árangri?

„Já, það hefur gert það. Við höfum séð mikla aukningu hjá okkur á undanföllum árum. Frá árinu 2002-2004 var 100% aukning sé miðað við skipastærðir og farþegafjölda. Frá síðasta sumri er 40% aukning sé miðað við stærð skipa. Skipin verða að vísu álika mörg og síðasta sumar, en þau voru rúmlega 200 þúsund tonn samlagt í fyrra en verða um 300 þúsund tonn í ár.

Þá lítur sumarið 2006 vel út og forbókanir lofa mjög góðu. Nú þegar er búið að bóka 4 skip það sumar, en þar af eru 3 skip sem aldrei hafa komið áður. Eitt þeirra, sem staðfest

var á ráðstefnunni, er Sea Princess sem er rúmlega 77 þúsund tonn að stærð og er væntanlega það stærsta sem nokkurn tímann hefur til Ísafjarðar komið.“

Dýpkunarframkvæmdir í sum- ar

„Við vonumst til að geta tekið á móti sífellt stærri skipum að bryggju. Eins og kunnugt er hafa skipstjórar sumra þeirra ekki treyst sér upp að bryggju sem er út af fyrir sig skiljanlegt. Fyrir mjög stór skip er aðkoman þröng, en fer þó batnandi. Þannig erum við að fara í dýpkunarvinnu við Sundahöfn í sumar, nánar tiltekið á snúningssvæði skipanna. Það er mjög mikilvægt, því í sumar eru að koma nokkur stór skip sem alla jafna hefði verið erfitt að taka upp að bryggju. Við fengum fjárveitingu frá hafnarbótasjóði til að fara í framkvæmdir. Að þeim loknum ættum við að geta tekið skip með allt að 8 metra djúpristu að bryggju. Þá á nýi dráttarbáturinn sem kemur í

sumar eftir að hjálpa mikið til við að taka þessi skip að bryggju. Þetta skiptir miklu fyrir tekjurnar, því að sjálf-sögðu eru mismunandi taxtar í gildi fyrir skip sem liggur úti á firði og fyrir skip sem nýtir sér hafnarstöðuna til fulls.“

Skapar 10% tekna

– Skiptir þetta miklu máli fyrir höfnina?

„Já, það gerir það. Þessi skip eru farin að skapa okkur rúmlega 10% af heildartekjum hafnarinnar. Að sjálf-sögðu kemur það líka til af minnkandi tekjum annars staðar frá, þ.e.a.s. frá fiskiskipum.

Teikjur af skemmtiferðaskipunum koma inn á einhverjum 16 dögum á ári. Því miður er nær ómögulegt að lengja þetta tímabil að ráði, einfaldlega vegna þess að það er engin skemmtiferðaskip að sigla um norðurhöf á veturna.“

Viðkvæmur bransi

– Reiknarðu með áframhaldandi aukningu?

„Jú, það bendir ekkert til annars. Menn eru alltaf að bíða eftir stöðnun, bíða eftir því að aukningin hætti, en ennþá er ekkert sem bendir til að það sé að gerast. Að sjálf-sögðu er vel þekkt að menn fái skelli í þessum bransa, en á meðan við höldum góðum samskiptum við þau fyrirtæki sem eru að senda skip til okkar, eru líkurnar minni á því að þau verði frá okkur tekin.

Útlitið er mjög gott í þessum málum. Ef við höldum þeim viðskiptavinum sem við höfum fyrir, er útlit fyrir enn meiri fjölgun á næstu árum. Þess ber að geta að þetta er mjög viðkvæmur bransi og skipafélög geta fyrirvaralaust og af engrri sérstakri ástæðu ákveðið að hætta að sigla til einhvers staðar, og þá er lítið hægt að gera. Ef menn eru óheppnir geta þeir fengið stóran skell þó þeir hafi ekkert til þess unnið.“

– halfdan@bb.is



Góða höggjó lifur

– viðtal við Grím Lúðvíksson í Bolungarvík, rafeindavirkja, golfara og innflytjanda á vörum til golfiðkunar

Hann er einn af þeim sem flust hafa búferlum til Vestfjarða og fest rætur hér. Fluttist hingað til að starfa í húsi sem í útliti er ekki ólíkt golfkúlu. Hann er einn þeirra manna sem starfa við ratsjárstöðina á Bolafjalli. Nokkrum árum eftir komuna til Bolungarvíkur „sýktist“ hann af vírus sem hann hefur ekki losnað við síðan. Fór að spila golf einn góðan veðurdag og er ekki samur síðan. Þegar honum þótti úrval af golfvörum lítið bjargaði hann sér sjálfur og fór að flytja inn það sem hann þurfti. Síðar kom hann á fót heimasíðu þar sem hann kynnis golfurum skoðanir sínar og einnig þær vörur sem hann selur. Á síðunni www.blog.central.is/golfgrimur/ er að finna ýmsan fróðleik um þessa íþrótt sem heltekið hefur Grím Lúðvíksson svo mjög að nú orðið er hann ósjaldan kallaður Golf-Grímur.

Þegar blaðamaður hafði samband við Grím og falaðist eftir spjalli um ratsjárstöðvar og golf tók hann því vel. Hann gat það nú ekki alveg strax því hann var á leiðinni til Þingeyrar. Þar var hann að fara að spila golf þrátt fyrir að enn væri marsmánuður samkvæmt dagatali. Golfmenn harma seint þær breytingar sem orðið hafa á veðurfari á undanförunum árum. Hver hefði trú að því að golf yrði spilað meirihluta ársins á norðanverðum Vestfjörðum?

– Segðu mér af Grími, hvaðan kemur hann?

„Ég er fæddur á Akranesi en ólst upp á ýmsum stöðum á sunnanverðu landinu. Hingað til Bolungarvíkur kom ég frá Hornafirði árið 1996. Ég kom hingað til að vinna á Bolafjalli en var áður að vinna við ratsjárstöðina á Stokksnesi. Ég er rafeindavirkni og rafíðnfræðingur að mennt og hóf störf hjá Ratsjárstofnun 1988. Fyrsta árið var ég í Keflavík en flutti síðan á Hornafirði.“

– Hvernig stóð á því að þú fluttir frá Hornafirði og til Bolungarvíkur?

„Það er nú skýring á því. Í

ráðningarsamningum við Ratsjárstofnun var ákvæði um flutningsskyldu með ákveðnu árabili. Þegar dró að því að ég yrði að flytja var ég látinn vita að ég yrði fluttur á Bakkafjörð innan árs. Þá tók ég af skarið og sótti um flutning til Bolungarvíkur. Ég fór og skoðaði aðstæður og leist vel á.“

– Er ennþá flutningsskylda á starfsmönnum stofnunarinnar?

„Já, hún er ennþá til staðar en henni hefur verið beitt í

mun minna mæli hin síðari ár. Í upphafi var þessi flutningsskylda sett til þess að tryggt væri að menn væru við störf þar sem stofnuninni hentaði. Þessi skylda var metin í launum og skilaði okkur ákveðnum tekjuauka. Fyrstu árin var þessu ákvæði beitt mjög mikið og það hafði þær afleiðingar að los komst á starfsmenn. Nú hefur þróunin í raun snúist við og nú er reynt að halda mönnum sem lengst á sama stað. Í upphafi var stefnt að því að menn væru aldrei skemur á hverjum stað en í þrjú ár en

eftir það gætu þeir átt von á flutningi.“

– Ekki eru nú Hornfirðingar frægir fyrir golfiðkan. Hvar hófst þinn ferill á golfvellinum?

„Ég vissi ekki hvað golf var fyrr en í lok maí 2002 og hafði aldrei látið mér detta í huga að labba golfhring. Vorið 2002 var Heilsuþæringin í Bolungarvík með kynningu til þess að örva hreyfingu almennings. Mér fannstrétt að sinna kallinu og meðal annars var auglýst kynning á golfi. Þeir sem byrjuðu í golfi áttu að fá fría kennslu í tvo mánuði og einhvern afslátt af vallargjöldum. Ég fór á völlinn ásamt fleira fólki. Ég fékk lánaðar kylfur og líkaði svo vel fyrsta kynningin að ég ákvað að skrá mig í golfmót sem haldið var daginn eftir. Kynningin var í klukkutíma á föstudegi og ég var mættur í mót á laugardegi. Ég kys að vísu að ræða ekki um árangurinn í mótinu en ég var heillaður og það var ekki aftur snúið.“

– Hafðirðu stundað íþróttir áður?

„Já, á árum áður var ég í sundi og júdó en ekki var það neitt sem talandi er um.“

– Nú er sagt að golfið ásamt

bridge sé mesta ástríðuþróttin. Er eitthvað til í því? Verða menn helteknari af þessum greinum en öðrum?

„Ég hef nú kannski ekki stundað nægilega margar íþróttir til þess að geta borið þær saman. Hitt veit ég að menn verða flestir mjög áhugasamir sem þessa íþrótt stunda. Því er ekki hægt að neita.“

Verðlaun í hverri holu

– Hvað er svona heillandi við þessa íþrótt?

„Flestar íþróttagreinar bjóða upp á hreyfingu, útveru og félagsskap. Það sem golfið hefur umfram þetta er þessi stöðuga viðurkenning sem þú færð þegar þú stundar það. Þú ert alltaf að fá verðlaun. Ekki peningaleg verðlaun heldur í þeirri mynd að þú spilar holu og um leið og boltinn fer í holuna ertu að fá verðlaun. Þú slærð eitt gott högg og þá geturðu lifað tuttugu slæm. Góða höggjó lifur. Í golfinu tekur maður eitt högg í einu og eina holu í einu. Þú manst öll góðu höggin en gleymir auðveldlega þeim slæmu.“

– Nú heyrir maður mikið rætt um þessa menn sem eru

heillaðir af golfinu. Það er mikill tími sem í þetta fer hjá mönnum og maður veltir stundum fyrir sér hvernig fjölskyldulífið er hjá þeim sem stunda þessa íþrótt sem mest? „Já, þú ert að meina golf-ekkjurnar. Það er oft um þær rætt. Konan mín hefur ekki stundað golf en hún hefur farið með mér í golfherðir. Hún fylgir mér í mótin og fylgist vel með. Ég neita því ekki að það fer mikill tími í þetta.“

– Hefurðu reynt að fá hana með þér í golfið?

„Já, en það hefur ekki tekist. Hún styður mig hins vegar í þessu áhugamáli mínu og fyrir það er ég þakklátur. Hún á sín áhugamál sem ég hef skilning á. Hins vegar var sonur okkar kominn í golfið á undan mér og við höfum verið mjög mikið saman í þessu og það er nú fátt betra en slík samvera. Dóttir okkar hefur komið með nokkrum sinnum og finnst þetta gaman.“

– Fórstu strax að spila mikið frá fyrsta degi?

„Já, ég gerði það. Í minni vaktavinnu er ég bundinn í viku og fæ frí í viku og frídagana var ég mjög mikið á vellinum með syni mínum. Ég fór fljótlega að fara á milli valla á

landinu til að spila og þegar ég var búinn að spila í eitt ár fór ég í mína fyrstu golfferð til útlanda. Ég fór til Spánar.“

Ekki mikið mál að spila erlendis

– Hefurðu svona mikið sjálfstraust að fara í mót strax á öðrum degi og fara utan að spila eftir eitt ár? Er kannski ekkert mál að gera þetta svona?

„Já, þetta er ekkert mál. Í golfinu er forgjafarkerfi sem mælir getu manna. Þú byrjar með 36 í forgjöf og þar var ég til að byrja með. Eftir fyrsta sumarið fór ég í 30 og með þá forgjöf fór ég til Spánar. Um haustið var ég kominn í 22. Á mínu þriðja sumri, sem var í fyrria, lækkaði ég í 14 og í haust er ég að vonast til að vera kominn í 10.“

– Þarf maður því ekki að hafa áhyggjur af því að vera að flækjast fyrir þegar maður er kominn á alvöruvelli?

„Nei, það er ekkert mál. Auðvitað eru ákveðnar reglur um spilahraða sem verður að halda en golf er stundað um allan heim af fólki með misjafna getu og því er ekkert að óttast þegar menn fara á alvöruvelli, sem svo eru kallaðir.“

– Ekki forstu einn í þína fyrstu golfferð?

„Nei, ég var svo heppin að vera þá kominn í góðan félagskap manna í Bolungarvík sem „svarta gengið“ er kallað.“

Svarta gengið

– Tæplega er það nú ferða-félag?

„Nei, svarta gengið fékk nafn sitt þannig að Jón Þorgeir Einarsson gaf golffélögum sínum svartar golfpeysur. Þeir voru síðan mjög oft í þessum peysum og spiluðu gjarnan saman. Þá fór þáverandi formaður klúbbsins, Helgi Birgisson, að kalla þá svarta gengið. Síðan festist þetta nafn á þá fjóra, Jón Arnar, Smára, Sveinbjörn og Runólf. Þegar ég byrjaði í golfi var ég mikið að spila með þeim og var svo formlega tekinn í félagskapinn fyrir Spánarferðina 2003. Síðar bættist svo Baldur Smári í hópinn.“

– Og nú er komið hvíta gengið líka?

„Já, það er nú nýlega komið til. Svarta gengið hefur farið saman til Spánar þrjú undanfarin ár og er að fara í sína fjórðu ferð innan skamms. Í svarta genginu eru sex valinkunnir menn. Nú munu hins vegar fara með okkur sex aðrir menn og til þess að aðgreina þá hafa þeir verið kallaðir hvíta gengið. Það verða því tólf menn sem fara saman til Spánar þetta árið. Við þeir svörtu förum líka saman í ferðir innanlands og hér á svæðinu líka þannig að þetta er orðinn mjög náinn félagskapur.“

Innflutningur á golfvörum

– En svo léstu þér ekki nægja að spila bara golf. Nú

ertu orðinn umsvifamikill í innflutningi á ýmsum golfvörum?

„Já, það kom nú í sjálfu sér ekki til af góðu. Þegar ég byrjaði í golfinu fékk ég sett að láni. Þegar ég síðan vildi kaupa mér mitt eigið sett fundust mér golfvörur almennt mjög dýrar í verði á landinu auk þess sem nánast ekkert var til hér fyrir vestan. Ég ákvað því að panta mér sjálfur á netinu. Skömmu síðar óskaði kunningi minn eftir því að ég hjálpaði sér við að panta svipað sett á netinu og ég gerði það.“

Síðan fór þeim fjölgandi sem vildu aðstoð mína. Ég var líka alltaf að tyna kúlum og fannst þær dýrar hér. Ég pantaði mér því, að því er ég hélt, 300 kúlur, en það komu 1.200. Ég fór því að selja hluta af þeim og svona fór þetta hratt vaxandi. Staðreyndin var sú að hér voru menn illa búnir en úr því hefur nú verið bætt að stórum hluta. Síðan fór ég að eiga ýmsar smávörur á lager en nú er svo komið að ég er með á lager nánast allt sem þarf til þessarar iðju.“

– Og nú ertu kominn á netið.

„Já, menn vildu fá að skoða það sem ég hafði að selja og þess vegna fór ég að fíkta við þetta á netinu. Ég opnaði síðuna mína í janúar og síðan hafa um þrjú þúsund manns heimsótt hana. Ég hef fundið fyrir því að mönnum finnast þessar vörur dýrar í Reykjavík. Ég hugsaði mína starfsemi í fyrstu fyrir Vestfirðinga en nú er svo komið að ég á orðið viðskiptavinum um allt land, það er að segja á landsbyggðinni. Reykvíkingar hafa úr nokkrum verslunum að velja og vilja því hafa hlutina frekar fyrir augunum en á netinu, jafnvel þó að þeir þurfi að greiða meira fyrir þá. Síðan eru auðvitað margir sem vita ekki af mér. Landsbyggðarfólki finnst hins vegar greinilega styttra til mín en til Reykjavíkur og það er gott.“

– Ertu þá orðinn umsvifamikill í þessum rekstri?

„Nei, það er nú ekki hægt að segja það. Ég hef einbeitt mér að vönduðum verkjum. Ég hef ekki verið að kaupa ódýrar vörur sem endast stutt. Lágvöruverðsverslanirnar eins og Bónus eru ágætær í því. Ég reyni hins vegar að kaupa vandaðar vörur á lágu verði. Þar nýti ég mér árstíðabundnar sveiflur í verði sem eru á markaðnum vestra.“

Allt flutt inn frá Bandaríkjunum

– Kaupirðu eingöngu frá Bandaríkjunum?

„Já, ég hef gert það. Það kemur nú fyrst og fremst til vegna hagstæðrar stöðu dollarans að undanförunu. Bandaríkjamenn hafa auðvitað verið mjög framarlega í þessum málum en það eru Evrópubúar líka. Það hefur einnig verið hagstætt að flytja heim frá Bandaríkjunum þannig að þar liggur skýringin. Ég kaupi mest inn í október og nóvem-

ber. Þá er lægð í golfinu vestanhafs og þá lækkar verið nokkuð.“

– Eru ekki golfvörur eins og aðrar íþróttavörur allar framleiddar í Asíu? Er þetta ekki allt sama tóbakið, bara með misjöfnum merkjum?

„Það er rétt að flestar þessar vörur eru framleiddar í Asíu. Hins vegar eru þær framleiddar eftir forskrift frá þeim sem þær eru merktar og úr misjöfnum efnum. En samsetningin fer oft fram í Bandaríkjunum. Toppmerkin eru reyndar öll svipuð að gæðum að mínu mati. Það er hins vegar persónulegur smekkur hvers og eins hvað honum finnst best. Þar ræður tíska stundum miklu líka.“

– En hvað með eftirlíkingar? Eru þær ekki orðnar vandamál í golfinu?

„Jú, aldeilis. Menn þekkja það sem hafa farið í golfferðir til Thailands. Þar hafa menn séð vörur sem eru hreinar eftirlíkingar en úr mun síðri efnum en fyrirmyndin. Ég hef aftur á móti ekki lent í neinum vandamálum í mínum innkaupum. Þeir sem reyna að selja það eru fljótir að detta út af markaðnum. Síðan hef ég hér kröfuharðan markað. Íslendingar eru þeirrar náttúru að vilja aðeins það besta. Flóknara er það nú ekki.“

– Þú munt því halda verslun þinni áfram?

„Já, á meðan ég finn að ég get þjónað einhverjum, þá geri ég það. Bolvíkingar hafa tekið þessu opnum örmum og sömu sögu er að segja af Þingeyringum og Flateyringum. Ég hef hins vegar farið framhjá flestum Ísfirðingum af einhverjum ástæðum.“

Golf í góðum málum

– Hvernig er staðan í golfinu hér um slóðir?

„Hún er góð. Við erum mjög ánægðir með stöðu mála í Bolungarvík og þá sérstaklega með fjölda ungmenna sem stunda golf. Við erum með nokkuð marga 10-15 ára spilara sem eru enfilegir og ég er ekki frá því að þar séum við orðnir sterkari en nágrannar okkar. Síðan er góður hópur manna um tvítugt sem er að spila af sívaxandi styrk. Þegar ég var að byrja fyrir þremur árum var hér í Bolungarvík einn golfleikari með 10 í forgjöf og það þótti meiriháttar. Í dag eru 5 eða 6 menn komnir undir 10 í forgjöf og nokkrir sem eru að komast niður í 10.“

– Á þessum tímum samvinnu og sameiningar hugsar maður til þess að hér á norðanverðum Vestfirðum eru í uppbyggingu þrjú golfvöllir. Er raunhæft að við getum byggt upp þrjá velli á þessu fámenna svæði?

„Staðan er sú að það gengur vel að byggja upp og reka velli í Bolungarvík og á Ísafirði. Hins vegar er staðan erfiðari á Þingeyri. En það er nauðsynlegt fyrir okkur að hafa fjölbreytni. Völlurinn á Ísafirði er í frekar þröngri landfræðilegri stöðu og því finnst mér að



Ísfirðingar ættu að leggja líka rækt við völlinn á Þingeyri því hann er mjög skemmtilegur.“

Gullmolinn í Dýrafirði

– Er ekki líka nauðsynlegt að hafa lengir vegna veðurfarsins? Lengir hann ekki tímabil?

„Jú, hann er algjör gullmoli hvað það varðar. Við lengjum tímabilið í báða enda þar og því er hann okkur bráðnaudsynlegur. Undanfarna vetur verðum Vestfirðum eru í uppbyggingu þrjú golfvöllir. Er raunhæft að við getum byggt upp þrjá velli á þessu fámenna svæði.“

– Liggur þá ekki beinast við að þið rekið hann saman, Ísfirðingar og Bolvíkingar, fyrst hann lengir tímabil okkar?

„Þingeyri er nú í Ísafjarðarbæ og því er það nærtækast að Ísfirðingar sjái um hann. Hvað framtíðin ber í skauti sér verður að koma í ljós. Við Bolvíkingar ráðum nú ekki við meira

en að reka nú holi völl. Komið hins vegar upp sú staða að leggja eigi völlinn á Þingeyri niður hljóta menn að skoða málin.“

– En aðeins að öðrum málum. Nú hafa verið miklar fréttir af þínum vinnustað. Þar hafa verið uppsagnir starfsmanna. Hvernig stendur þú í þeim umbrotum?

„Það er rétt að hér eru í aðsigi miklar skipulagsbreytingar. Ég fékk uppsagnarbréf en var síðar boðin áframhaldandi ráðning hér í Bolungarvík með breyttu fyrirkomulagi. Nú er rétt að leggja niður það vaktafyrirkomulag sem unnið hefur verið eftir um árabíl. Reiknað er með því að vaktirinn leggist af í október og eftir það verður bara unnið á dagvinnutíma við stöðina á Bola-fjalli. Það kallar óneitanlega á breytt starfskjör en hver breytingin er nákvæmlega verður á eftir að koma í ljós. Það skýrist væntanlega á næstu vikum.“

– Verður ekki erfitt að komast til og frá þessum vinnustað á veturna að morgni og á

kvöldin? Er það framkvæmanlegt?

„Það verður að koma í ljós. Það hafa verið dagmenn við störf í stöðinni, sem sótt hafa vinnu á hverjum degi á fjallið. Það hefur gengið þokkalega en auðvitað hafa komið dagar þar sem ekki hefur verið hægt að komast á milli. Hvernig þessir flutningar verða nákvæmlega leystir verður að koma í ljós.“

– Þannig að í framtíðinni spilar þú golf einungis á kvöldin?

„Já, þeir voru að gantast með það, félagar mínir í svarta genginu þegar mér var sagt upp, að þetta yrði allt annað líf í framtíðinni því þá gæti ég alltaf farið með þeim í golf á kvöldin.“

– Þú heldur þá að þú nái settu marki í framtíðinni með forgjöfina þrátt fyrir þessar breytingar á vinnutíma?

„Já, ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því. Ég held ótrauður áfram.“

– Halldór Jónsson.

Nordjobb

Ekki til störf í Ísafjarðarbæ

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar telur sér ekki fært að útvega tvö störf í bæjarfélaginu næsta sumar fyrir verkefnið Nordjobb á Íslandi sem ætlað er að efla tengsl milli Norðurlandanna.

Í bókun menningarmálanefndar segir að „þar sem núorðið er mjög þröngt um störf fyrir ungmenni á sumrin í Ísafjarðarbæ, telur nefndin sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.“

– hj@bb.is

Ósvör opnar sumardaginn fyrsta



Ósvör.

Formleg opnun safnsins í Ósvör verður kl. 14 á sumardaginn fyrsta, 21 apríl.

Þetta kom fram á fundi menningarráðs Bolungarvíkur á dögunum. Einnig var greint frá því að öllum viðhaldsverkefnum er að mestu lokið. Eftir er að ganga frá gluggum í verbúð og grjóthleðslu í salthúsi. Reiknað er með að því verkefni ljúki á næstu vikum.

Þá lagði ráðið til að aðgangseyrir í Ósvör og Náttúrugripasafn verði 400 krónur fyrir 16 til 67 ára og aðrir fái frítt. Ef keyptur er miði í bæði söfnin, verði gjaldidið 600 krónur.

– thelma@bb.is

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga

„Vegaáætlun algerlega óásættanleg“



Guðni Geir Jóhannesson.

Guðni Geir Jóhannesson formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir megna óánægju með vegaaætlun þá er samgönguráðherra lagði fyrir Alþingi á dögunum. Hann segir algjörlega óásættanlegt að framkvæmdahraði skuli ekki vera meiri á þeim leiðum sem ekki eru boðlegar nútímaumferð. Hann telur að sjónarmið Vestfirðinga nái ekki í gegn hjá stjórnmöldum. Stjórn Fjórðungssambandsins og samgöngunefnd sambandsins hafa óskað eftir fundi með samgönguráðherra vegna málsins og verður hann haldinn 15. apríl.

Guðni Geir segist hafa fundið fyrir megnri óánægju á Vestfirðum með fjárveitingar til vegaf framkvæmda samkvæmt hinni nýju Samgöngu-

áætlun. „Það verður að segjast eins og er að fjárveitingar og framkvæmdahraði samkvæmt þessari nýju áætlun eru algjörlega óásættanleg. Þegar menn ræða um vegaf framkvæmdir á Vestfirðum verða menn að hafa í huga að vegir þeir sem við búum nú við eru alls ekki gerðir fyrir þá umferð sem um þá fer. Við stöndum mun aftur en aðrir landshlutar í þessu efni og það verður að horfa á hlutina í því ljósi. Sem dæmi vil ég nefna þá vegi sem nú þarf að fara að vetrinum úr Mjóafirði í Ísafjörð. Það sjá það allir sem vilja sjá að þeir eru ekki boðlegir almennri umferð fólksbíla hvað þá heldur allri þeirri þungaumferð sem nú er komin á veginum. Því er það með öllu ófært að hugsanlega verði þverun Mjóafjarðar og lagningu vegna í tengslum við hana ekki lokið

fyrir en eftir 2008“, segir Guðni.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og samgöngunefnd sambandsins hafa þegar óskað eftir fundi með samgönguráðherra vegna málsins og verður hann haldinn 15. apríl. „Við munum fara yfir stöðuna því mér virðist af einhverjum ástæðum að sjónarmið okkar hafi ekki náð í gegn hjá stjórnmöldum. Það verður að breytast“, segir Guðni.

Í hinni nýju Samgönguáætlun er 100 milljóna króna fjárveiting til framkvæmda í Arnkötludal árið 2008. Guðni segist hafa vonast til þess að þessari framkvæmd yrði gert hærra undir höfði. „Sveitarstjórnarmenn hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að hefja framkvæmdir á þessari leið. Þetta er mjög hagkvæm framkvæmd sem ekki á að taka langan tíma. Mér sýnist á undirteknum stjórnvalda að taka verði í taumana heima í héraði hvað þessa framkvæmd varðar. Það hafa verið viðráðar hugmyndir um að leggja þennan veg í einkaframkvæmd og mér sýnist að heimamenn verði að skoða þær hugmyndir í fullri alvöru. Staðreyndin er sú að Vestfirðingar mega engan tíma missa í vegamálum og því verðum við að skoða allar hugmyndir sem flýtt geta fyrir nauðsynlegum framkvæmdum“, segir Guðni Geir Jóhannesson.

– hj@bb.is

Glímusýning í Stjórnsýsluhúsinu

Tilgangur sýningarinnar tvíþættur



Glímt í Stjórnsýsluhúsinu.

Starfsmönnum Stjórnsýsluhússins á Ísafirði var boðið upp á kynningu á glímu í síðustu viku þar sem fjórir ungir menn sem skipa glímusveit HSV bruguðu á leik. „Þeir sýndu ýmis brögð og kynntu þessa íþrótt sem ekki hefur verið iðkuð á Ísafirði síðan um 1950. Þar áður hafði hún ekki verið stunduð síðan um síðustu aldamót. Segja má að hún hafi því verið stunduð á Ísafirði með hálfri aldar millibili“, segir Hermann

Nielsson, þjálfari glímukappanna. Glímusveitin er skipuð þeim Brynjólfi Erni Rúnarssyni, Steinari Bjarka Marinóssyni, Stíg Berg Sophussyni og Hákonni Valdimarssyni sem allir eru frá Ísafirði.

Sýningarnar eru haldnar til þess að kynna glímuna og um leið undirbúa piltana fyrir landsmót sem haldið verður í Vík í Mýrdal í sumar.

– thelma@bb.is

● Sælkeri vikunnar • Hafdís Gunnarsdóttir og Shiran Þórisson á Ísafirði

Tandoori kjúklingur, Naan brauð og Agúrku raita

Sælkerar vikunnar bjóða upp á indverska veislu með Tandoori kjúklingi. Uppskriftin er ætluð fyrir tvo. Hafdís og Shiran segja að Naan brauð sé ómissandi kjúklingnum og láta því einnig fylgja með uppskrift að brauðinu. Þá bjóða þau einnig upp á Raita sem er jógúrt sósa og hentar vel með krydduðum mat. Einnig mæla þau með að hafa hrisgrjón sem meðlæti.

Tandoori marinerung

2 kúfaðar matskeiðar af Tandoori Masala (fæst í Samkaup)
1 dós hrein jógúrt eða 1 bolli AB mjólk.
1 hvítlauksrif pressað
½ laukur finsaxaður

Safi úr ½ lime ávexti.

Hrærið hráefni í marinerungu öllu saman í skál. Skerið tvær stórar úrbeinaðar og skinnlausar kjúklingabringur niður í fjóra jafnstóra bita. Setjið bitana í marinerungu í 4-6 tíma. Ákjósanlegt er að setja kjúklinginn í marinerunguna um hádegis ef elda á um kvöldið. Gott er að steikja kjúklinginn á heitu kola- eða gasgrilli í um 3- 5 mínútur á hvorri hlið til. Með því að steika á grilli er hægt að ná sem næstum ekta indversku bragði, en tandoori kjúklingur er eldaður á hefðbundinn hátt yfir eldi í sérstökum Tandoori ofni. Þó þarf að passa að ekki sé mikið af marinerungunni á kjúklingnum við steikingu þar

sem hætt er við að jógúrt marinerungin brenni.

Naan brauð

3 bollar hveiti
1 tsk sykurl
1 tsk ger
Hnífsoddur af salti
1 dós hrein jógúrt
1 bollu af volgu vatni

Hrærið vatni, sykri, geri, og salti saman og látið standa í skál í um 5-10 mínútur. Hellið svo jógúrti í blönduna og hrærið í henni, bætið loks þremur bollum af hveiti við hnoðið deigið. Deigið á að vera svölítið blautt og klístrað, en það er óhætt að bæta við hveiti ef það er of blautt. Deigið er svo hnoðað í um 15 minni jafnstórar kúlur og kúlurnar eru



Agúrku raita

1 bolli hrein jógúrt
½ tsk möluð kúmen frá
½ tsk kóríander
½ agúrka skorin í litla bita
½ finsaxaður laukur
Safi úr ½ lime ávexti.
Hnífsoddur af salti.

Hráefninu blandað öllu saman og borið fram með kjúklingnum og brauðinu.

Við skorum á Kristínu Hálfðánsdóttur og Gunnar Þórðarson á Ísafirði að draga fram matreiðslubækurnar fyrir næstu viku.

Framkvæmdir fyrir 232 milljónir króna við flugvelli á Vestfjörðum



Pingeyrarflugvöllur í Dyrafirði. Ljóm. Páll Önundarson.

Á árunum 2005-2008 verður varið 232 milljónum króna til framkvæmda á flugvöllum á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í samgönguáætlun sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lagði nýverið fram á Alþingi. Stærstur hluti þessara fjárveitinga fara í framkvæmdir við flugvöllina á Ísafirði og Þingeyri eða um 200 milljónir króna.

Eins og áður hefur komið fram í fréttum BB eru fyrirhugaðar framkvæmdir við

öryggissvæði við Ísafjarðarflugvöll á næstunni og í undirbúningi er lenging á flugvellinum á Þingeyri og er áætlað að þeirri framkvæmd ljúki á árinu 2006. Á árinu 2007 verður 30 milljónum króna veitt í flugbrautarljós á Ísafirði.

Í samgönguáætluninni segir m.a.: „Kant- og þróskuldsljós á flugbrautinni eru 45W og komin til ára sinna og viðhald orðið mikið. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru

lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós í Kirkjubólshlíð og leifturljós í Arnarnesi og í Hnifsdal. Mjög aðkallandi er að endurnýja allar lagnir í brautinni á Ísafirði og brautarljósin þar. Áætlað er að gera það árið 2007.“

– hj@bb.is

3X-Stál þátttakandi í sjávarútvegssýningu í Færeyjum

Auknum áhuga Færeyinga fylgt eftir



3X-Stál á Ísafirði.

3X-Stál tekur þátt í sjávarútvegssýningunni „North Atlantic Fish Fair“ sem haldin verður í Þórshöfn í Færeyjum dagana 3.-5. maí. Er þetta í fyrsta sinn sem fyrirtækið tekur þátt í þessari sýningu. „Tiltölulega stutt er síðan

við hófum kynningu á vörum okkar og þjónustu í Færeyjum og höfum fengið góðar mót-tökur. Með þátttöku okkar í þessari sýningu erum við að fylgja eftir auknum áhuga Færeyinga og kynna fyrirtækið enn betur“, segir Þórir Matt-

híasson markaðsstjóri 3X-Stáls.

Sýningin er árviss viðburður og er eina sjávarútvegssýningin sem fer fram í Færeyjum. Áður var hún haldin í Runavík en verður í ár færð til Þórhafnar. – thelma@bb.is

Sveitarfélög á Vestfjörðum stofna ferðaþjónustufyrirtæki

Leggja til aðstöðuna, umhverfið og fiskinn í sjónum

Ísafjarðarbæ hefur ásamt Súðavíkurbreppi, Tálknafjarðarhreppi, Bolungarvík og Vesturbyggð verið boðin þátttaka í rekstri einkahlutfélags sem mun sérhæfa sig í þjónustu við sjóstangaveiðimenn. Áætlað er að stofnfundur félagsins sem fengið hefur vinnuheitid „Fjord Fishing ehf.“, verði haldinn á Ísafirði þann 15. apríl en nánari tímasetning og staðsetning verður kynnt innan tíðar. „Þetta er einstakt tækifæri þar sem við fáum virkt og óflugt ferðaþjónustufyrirtæki til að markaðssetja svæðið þar sem við leggjum aðeins fram á móti aðstöðuna, umhverfið og fiskinn í sjónum“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.

Undanfarnar vikur hafa staðið yfir viðræður við þýska ferðaþjónustutækið Vögler's Angelreisen í Hamborg um sölu á sjóstangaveiðiferðum til Vestfjarða. Í framhaldi af þeim var komist að þeirri



Sjóstangveiðimenn landa afla.

niðurstöðu að mikilvægt væri að stofna einkahlutfélag sem sæi um að samhæfa þjónustu og halda utan um sjóstangaveiðimennina en áætlað er að byrja að bjóða ferðirnar vorið 2006.

Markmið fyrirtækisins er að þróa þjónustu og vöru sem hefði sérstöðu á markaðnum bæði á Íslandi og í Evrópu. Unnið verður að því á næstu fimm árum að byggja upp þjónustueiningar í um fimm sveitarfélögum á svæðinu sem standast allar kröfur viðskiptavinanna. Skilyrði fyrir því að verkefnið gangi upp er meðal annars að sveitarfélög á Vestfjörðum sameini um að byggja upp samhæfðar einingar á svæðinu.

Samstarfsaðilar verkefnisins verða Island ProTravel Holding og Vögler's Angelreisen sem leggja munu viðskiptatengsl og markaðsþekkingu ásamt verulegu fjármagni til markaðsstarfs gegn því að sveitarstjórnir á Vestfjörðum vinni ekki með samkeppnisáðilum á þessum markaði.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku og vísaði ráðið erindinu til atvinnu-málanefndar til skoðunar. Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti í gær fyrir sitt leiti þátttöku í stofnun fyrirtækisins.

– thelma@bb.is



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: etgnr@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Túngata 20: 89 m² íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.

Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herb. íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

Stórholt 13: 103 m² 4ra herb. íbúð á 3.h. ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. Tilboð óskast

Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju h. til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mög. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:

Hlíf II Torfnesi: 62,5 m² íbúð á 3.hæð, íbúðin snýr að Seljalandsvegi. Verð 7,5 m.kr

Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jarðhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:

Thal Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innrétt-ingum, tekjum og íböldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast

Sólbaðs og nuddstofa til sölu, leigugæstaða í kjallara að Túng-

götu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgi-hlutir s.s. tvö stratateki, Turbo ljósabekkur o.fl. Tilboð óskast

Súðavík:

Vallargata 4: 86,2 m² nýlegt parhús úr timri á einni hæð. Verð 6,2 m.kr.

Nýjar íbúðir við Skógarbraut

Allar íbúðir skilast fullmál-aðar án gólfefna og innrétt-tinga. Hægt er að kaupa 38m² bílg. með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinn-g. á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herb. íbúð með geymslu/baðstofulofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 103: 133 m² stór 3ja herb. íbúð á n. hæð í fjölbýli. Verð 10,5 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 104: 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinnangi. Verð 9,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 203: 153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðstofulofti. Verð 11,5 m.kr.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á helmasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Gullhálsmen tapaðist (pinni með grænum steini) Finnandi vinsaml. hafi samband í síma 895 7119.

40 árgangar af National Geographic fást gefins. Uppl. gefur Sigrún í síma 456 3598.

Þrítug kona óskar eftir íbúð á leigu á Ísafirði. Uppl. í síma 868 6799.

Óska eftir göngugrind. Uppl. síma 456-5333

Óska eftir stækkanlegu borðstofuborði. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. gefur Inga í síma 846 3230.

Hestur til sölu undan Markúsi frá Langholtsparti. Sex vetra gamall, mjög myndarlegur. Selst ódyrt. Uppl. gefur Drifa í síma 899 3914.

Hvolpur og kettlingur fást gefins. Uppl. í síma 456 3286.

Óska eftir bátakerru undir 7-8 metra langan bát. Uppl. í síma 848 0944.

Til sölu Sony 21" sjónvarp. Uppl. í síma 897 4019.

Til sölu Mosberg pumpa og 22 cal. markrífill. Uppl. í síma 897 4019.

Íbúð óskast til leigu! Við erum 5 manna fjölskylda með hund og okkur vantar húnsæði á leigu sem fyrst. Höfum langtímaleigu í huga, en ýmislegt kemur til greina. Erum reyklaus og reglusöm. Ef þú hefur íbúð til að leigja okkur, ekki hika við að hafa samband í síma 691-5487 og tala við Gerði.

Til sölu Subaru Justy árg. '92. Skemmdur eftir árekstur. Lítið ekin vél. Uppl. í síma 893 3240.

Til sölu er stór og glæsill íbúð á miðhæð að Pólgötu 4 á Ísaf. Íbúðin er 118 fm ásamt bílskúr og eignarlöð. Velkomið að skoða. Er á besta stað í bænum. Uppl. gefur Gunnhildur í síma 663 2920 eða Tryggvi í 820-0589. Sjá <http://www.mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=155841>

Stíllanlegur píanóbekkur óskast. Uppl. í síma 897 6795.

Fyrirverandi starfsfólk Íshúsfélags Ísfirðinga! Hittumst í Faktors húsinu laugardaginn 16. apríl milli kl. 16-19 og eignum góða stund saman.

Félagssvíst í Guðmundarbrúð föstudaginn 15. apríl kl. 20-22. Allir velkomnir.

Þvottavél óskast fyrir lítinn pening. Verður að vera í lagi. Uppl. í síma 552 7916.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Vel heppnað landsþing hjá Zontakonum

Á sjötta tug kvenna sóttu þingið



Á sjötta tug Zontakvenna og gestir þeirra sátu landsþing Zontasamtakanna sem haldið var á Ísafirði um helgina. Er það í annað sinn sem landsfundur Zonta er haldinn á Ísafirði.

„Fundurinn gekk alveg ótrúlega vel og allir voru mjög ánægðir“, segir Inga S. Ólafsdóttir, formaður Zontaklúbbsins Fjörgynjar á Ísafirði. Fundurinn fór fram í Stjórnsýsluhúsinu og fóru þar fram hefðbundin fundarstörf undir stjórn Birnu Lárusdóttur. „Á fundinum var meðal annars

rætt um þann möguleika að fá Fjölmenningssetrið í samstarf við Zonta vegna landsverkefnis sem við erum að undirbúa“, segir Inga.

Meðal fundargesta var umdæmisstjórn þess svæðis sem Zontasamtökin á Íslandi tilheyrta og þar á meðal voru konur frá Danmörku og Noregi. Þess má geta að Ísfirðingurinn Jósefína Gísladóttir er svæðisstjóri 13. umdæmis Zonta á Íslandi.

Að loknum fundi var boðið til hátíðarkvöldverðar á Hótel Ísafirði þar sem veislustjórn var í öruggum höndum Zontakonunnar Ólína Þorvarðardóttur.

„Hátíðarkvöldverðurinn var vel heppnaður í alla staði og maturinn var hreint út sagt frábær“, segir Inga. Þá var boðið upp á ýmis tónlistartriði þar sem meðal annarra komu fram Ylfa Mist Helgadóttir, Vilberg Vilbergsson og Janus Frach. Einnig var Zontakonum og gestum þeirra boðið í útsýnisferð og var þá meðal annars farið til Flateyrar og skíðasvæðisins í Tungudal. Fundinum var slitið á sunnudag. „Allar fóru ánægðir frá okkur og sögðust margar vilja koma aftur í sumar“, segir Inga. – *thelma@bb.is*



STAKKUR SKRIFAR

Þverun Vestfjarða

Samgönguráðherra hefur fært Vestfirðingum hver gleðitíðindin á fætur öðrum varðandi úrbætur og framfarir í samgöngum. Nægir að nefna fregnir af þverun þriggja fjarða í austanverðri Barðastrandarsýslu og loforð um göng undir fjöllin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verður að veruleika. Nú liggja allar leiðir til Héðinsfjarðar. Göng verða gerð úr norðri til Héðinsfjarðar, frá Siglufirði, og sömuleiðis úr suðri, frá Ólafsfirði. En ráðherrann lofaði því að þeim gröfnum lægju leiðir til Dýrafjarðar, að minnsta kosti úr suðri. Áður féllu öllu vötn til Dýrafjarðar, en nú opnast leið þaðan í suður skyldi maður ætla. Ein stefnubreyting hefur þó orðið hjá ríkisstjórninni, því engin býr í Héðinsfirði og byggð þar mun því ekki leggjast af eða íbúum fækka, eins og því miður virðist raunin með tilkomu jarðaganga sem lyfta eiga byggðum í grennd þeirra.

Samt gætir mikillar óánægju með framkvæmdir að vegagerð á Vestfjörðum. Leið ehf. hefur lýst óánægju sinni með að ekki skuli hafa verið tekið tillit til vegar á Ströndum til Breiðafjarðar, um Arnkötludal. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður tekur undir þá óánægju. Þó er verið að hefja undirbúning að framkvæmdum við þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi. En sú framkvæmd er þáttur í stórra framkvæmdaáætlun um miklar bætur þjóðvegum nr. 61 um Ísafjarðardjúpi, Steingrímsfjarðarheiði og suður Strandasýslu til að tengja

norðurhluta Vestfjarða við þjóðveg númer eitt. Vestfirðir hafa aldrei verið þægir yfirferðar. Firðir og fjöll gerðu að verkum að sjóleiðin varð flutningaleið og svo gengu menn fjöll og firnindi til að komast milli bæja. Nú hefur mikið verið gert til þess að bæta samgöngur suður, og að sjálfsgöngu þaðan til okkar. Nýgerðir vegir í Djúpinu eru með því besta sem sést utan þjóðvegum nr. 1. Þó sagði reyndar fyrirverandi sýslumaður á Ísafirði og nú á Selfossi í sjónvarpi um daginn að þjóðvegurinn um Hellisheiði væri verri en sveitavegir úti á landi. Hann ætti að þekkja til eftir nærri tvo áratugi á Vestfjörðum. Auðvitað er það svo að við viljum enn betri vegi á Vestfjörðum og þykir stundum ganga hægt. Á það hefur verið bent hér á undanförunum árum að vegir hafa batnað mikið og menn telja ekki eftir sér að skreppa til höfuðborgarinnar akandi. Að vísu má búast við því að með auknum þungaflutningum með stórum vörubifreiðum versni vegir mjög hratt og viðhald verði snöggjum dýrara og verra þegar fram í sækir.

En með stórförum, jarðgöng og þverun fjögurra fjarða framundan er ef til vill ekki yfir svo miklu að kvarta. Við viljum meira og fljótar. Erum við tilbúin að borga meira fyrir það? Allt sem gert er kostar peninga og þeir verða að koma einhvers staðar að. Kannski eru Vestfirðingar bara þverir þrátt fyrir alla þverunina.

Stakkur hefur rífað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Stærsti flutningur opinberra starfa til landsbyggðarinnar

Færir engin störf til Vestfjarða



Prónarsetur Vestfjarða.

Sjávarútvegsráðherra tilkynnti nýverið um flutning á fjórða tug starfa hjá Fiskistofu frá Reykjavík út á landsbyggðina. Er það einn stærsti flutningur opinberra starfa sem um getur. Margir hafa bent á nauðsyn flutnings þessara starfa allt frá því lög um Fiskistofu voru til umræðu á Alþingi árið 1992. Ekkert þessara starfa flyst til Vestfjarða þrátt fyrir fjölmargar óskir í þá átt m.a. með samþykkt ýmissa byggðaaætlana. A fundi í Vestmannaeyjum í gær tilkynnti Árni M Mathie-

sen sjávarútvegsráðherra breytingar á störfum veiðieftirlits Fiskistofu. Þær felast í því að stofnuð verða ný útibú Fiskistofu í Vestmannaeyjum, á Höfn, í Stykkishólmi og í Grindavík. Bætt verður 4 nýjum störfum við veiðieftirlitið en þar starfa í dag 35 manns og búa á höfuðborgarsvæðinu.

Til ársins 2008 verða flest störfin við veiðieftirlitið flutt á landsbyggðina. Má í því sambandi nefna að árið 2007 verður útibú stofnað í Stykkishólmi með þremur starfs-

mönnum auk yfirmanns. Árið 2008 verður þremur mönnum til viðbótar bætt við í Stykkishólmi. Starfsmenn þar verða því orðnir sjö talsins. Í fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins segir að þjónustusvæði útibúsins verði Snæfellsnes og Vestfirðir. Eftir þessar breytingar verða höfuðstöðvar veiðieftirlitsins þó áfram í Reykjavík. Þar verða einnig forstöðumaður veiðieftirlitsins, tveir deildarstjórnar og þrjú starfsmenn á skrifstofu auk tveggja almennra eftirlitsmanna.

Lög um Fiskistofu voru sett árið 1992. Þegar málið var til umræðu á Alþingi var í fyrsta skipti hreyft opinberlega þeirri hugmynd að starfsemi hennar gæti hæglega farið fram á landsbyggðinni. Var það Félag rækju- og hörpuðiskframleiðenda sem lagði það til. Síðan hafa fjölmörg félagsamtök, stjórnmalafélög og sveitarfélög óskað eftir því að starfsemi Fiskistofu flytjist til landsbyggðarinnar en af því hefur ekki orðið fyrir en nú. Þó má geta þess að á undanföllum árum hafa 5 veiðieftirlitsmenn

verið staðsettir á Akureyri og einn á Ísafirði.

Það vekur óneitanlega athygli að þrátt fyrir að nú þegar sé til staðar útibú á Ísafirði skuli starfsmönnum þar ekki fjölgað þegar tugir starfa færast til landsbyggðarinnar. Einnig vekur það athygli að nýtt útibú í Stykkishólmi skuli eiga að stýra þjónustu á Vestfjörðum, ekki síst í ljósi þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið um uppbyggingu byggðakjarna á landsbyggðinni m.a. Ísafjarðar. Ekki verður séð að ákvörðun sjávarútvegsráðherra falli að þeirri stefnu sé hún í raun til staðar. Í þessu samhengi má nefna að í skýrslu verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði segir m.a.: „Störfum í opinberri þjónustu á Vestfjörðum fjölgi og þekking og reynsla núverandi þjónustustofnana verði nýtt til fullnustu. Lagt er til að ríkið standi við þá fyrirætlun sína að nýta þá starfsemi sem er fyrir á stöðunum þegar verið er að bæta við störfum hjá hinu opinbera.“

– hj@bb.is

Flutningur Fiskistofu skilar engum störfum vestur

„Samgöngusjónarmið réðu vali á Stykkishólmi“

Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir að samgönguleg sjónarmið hafi ráðið því að nýtt útibú Fiskistofu var stofnað á Stykkishólmi í stað þess að efla útibúið sem þegar er til staðar á Ísafirði. Hann segir ráðuneytið hafa að undanfönu tekið þátt í ýmsum verkefnum sem stuðla að uppbyggingu starfa á Ísafirði og því verði haldið áfram. Hann segir að sú staðreynd að störf flytjist ekki til Vestfjarða segi ekkert um stöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum. Þingmenn stjórnarflokkanna voru ekki með í ráðum þegar þessi ákvörðun var tekin.

Á undanföllum árum hefur verið starfandi útibú Fiskistofu á Ísafirði og til skamms tíma voru starfsmenn útibúsins tveir en nýlega fækkaði þeim í einn. Það hefur því óneitanlega

vakið athygli að nú þegar ákveðið er að flytja á fjórða tuga starfa Fiskistofu á landsbyggðina skuli ekkert þeirra starfa flutt á Ísafirði heldur stofnað nýtt útibú í Stykkishólmi þaðan sem starfi útibúsins á Ísafirði verður stjórnad. Er í því sambandi bent á samþykktir um uppbyggingu byggðakjarna á landsbyggðinni þar sem Ísafjörður, Akureyri og Mið-Austurland eru ávallt nefnd sem byggðakjarnar sem byggja eigi upp með flutningi opinberra starfa á landsbyggðina.

Árni M. Mathiesen segir að eingöngu samgönguleg sjónarmið hafi ráðið staðsetningu útibúsins í Stykkishólmi. „Stykkishólmur liggur best við samgöngum þess svæðis sem sinna á þaðan og því var þessi ákvörðun tekin. Þaðan eru

greiddar samgöngur um Snæfellsnes og samgöngur eru greiddar þaðan á sunnanverða Vestfirði með Baldri. Ákvörðunin hafði ekkert með stærð staða að gera eða umfang sjávarútvegs á hverjum stað“, segir Árni.

Aðspurður um það hvort þessi ákvörðun stangist ekki á við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um uppbyggingu ákveðinna byggðakjarna á landsbyggðinni segir Árni svo ekki vera. Hann segir sjávarútvegsráðuneytið hafa á undanföllum árum unnið að mörgum spennandi verkefnum á Ísafirði í samvinnu við heimamenn og þar megi nefna breytta starfsemi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarinnar og einnig framfærslu ráðuneytisins til ýmissa rannsóknaverkefna.

„Okkar áhersla hefur verið

sú að ný störf á okkar vegum verði á landsbyggðinni og þar höfum við m.a. horft til Ísafjarðar og Akureyrar. Við höfum sáð fræjum á Ísafirði sem vonandi eiga eftir að skapa mörg störf í framtíðinni.“

Aðspurður hvort að sú staðreynd að störf Fiskistofu er lúta að sjávarútvegi flytjist ekki til Vestfjarða bendi til hnignandi stöðu sjávarútvegs á svæðinu segir Árni það af og frá. „Eins og ég sagði áðan var eingöngu horft til samgöngusjónarmiða við þessa ákvörðun.“

Árni segir þingmenn stjórnarflokkanna ekki hafa komið að ákvörðuninni um flutning starfanna.

– hj@bb.is

Grunnskólinn á Þingeyri

Tekur þátt í skólum á grænni grein



Þingeyri. Ljós. Páll Öundurson.

Grunnskólinn á Þingeyri hefur gengið til liðs við alþjóðlega verkefnið „Skólar á grænni grein“ sem Landvernd hefur umsjón með á Íslandi. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismenntun og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Skólarinn þurfa að uppfylla viss skilyrði til að fá að flagga

Grænánanum sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Unnið hefur verið að umhverfisstefnu Grunnskólans á Þingeyri í vetur og var hluti af þeirri vinnu fólginu í að sækjast eftir því að skólinn tæki þátt í verkefni. – thelma@bb.is

Útilistaverk við Menntaskólann

Lagt til að bærinn taki þátt í kostnaði



Menntaskólinn á Ísafirði.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti í síðustu viku að leggja til við bæjarstjórn að í fjárhagsáætlun næsta árs verði gert ráð fyrir styrk til listaverkakaupa í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því að kennsla í iðngreinum hófst á Ísafirði.

Það var Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði sem óskaði eftir þátttöku bæjarins í þessu

verkefni. Í bréfi sem hún sendi bæjaryfirvöldum er lagt til að keypt verði útilistaverk af þessu tilefni og því komið fyrir á lóð skólans. Menningarmálanefnd bæjarins fjallaði um málið fyrir skömmu og bókaði að hún teldi rétt að Ísafjarðarbær „tæki þátt í þessu framtaki sé þess nokkur kostur“, eins og segir í bókun nefndarinnar.

– hj@bb.is

Vinnueftirlit ríkisins

Fjögur fyrirtæki á Vestfjörðum í tilraunaverkefni



3X-Stál á Ísafirði.

Vinnueftirlit ríkisins hefur fengið til liðs við sig fjögur fyrirtæki á Vestfjörðum við þróun á áhættumati. „Ég hef fengið fyrirtæki af fimm stöðum á landinu til að taka þátt í tilraunaverkefni til að finna út hvaða aðferðir eru

bestar við framkvæmd áhættumats, en í smíðum eru lög sem gera áhættumat að skyldu hjá öllum fyrirtækjum“, segir Þórunn Inghildur Einarsdóttir, fagstjóri áhættumats Vinnueftirlitsins.

Þau fyrirtæki á Vestfjörðum

sem taka þátt í tilraunaverkefninu eru Ísblikk, Kambur, 3X-Stál og Ágúst og Flosi. Á fimmtudag var síðasti fundurinn af fjórum en verkefnið hefur staðið yfir frá því í upphafi árs.

– *thelma@bb.is*

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar

Segja byggðakvótann hungurlús



Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar segja úthlutun byggðakvóta til sveitarfélaga myllustein um háls sveitarstjórnarmanna og harma að bæjarstjórnin taki þátt í því sem kallað er sjónarspil með stjórnvöldum. Þessi skoðun bæjarfulltrúanna hefur áður komið fram í umræðum innan bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var á fimmtudag kom væntanleg úthlutun byggðakvóta bæjarins til umræðu en eins

og komið hefur fram í fréttum sóttu 27 bátar um 470 tonna kvóta en bærinn hefur aðeins 120 tonn til ráðstöfunar. Í umræðum á fundinum lögðu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, Bryndís Friðgeirsdóttir og Sæmundur Þorvaldsson, fram svohljóðandi bókun:

„Undirritaðir bæjarfulltrúar ítreka bókun sem lögð var fram á 173. fundi bæjarstjórnar varðandi úthlutun byggðakvóta. Sá myllusteinn, sem ríkisvaldið hefur smeygt um háls sveitarstjórnarmanna, með því að fela sveitarfélögum að úthluta byggðakvóta, sem

ríkisvaldið skammtar úr forðabúri íhaldsins er til skammar og ber að mótmæla. Sú hungurlús sem fleygt er til sveitarfélaganna í forni gjafakvóta gerir fátt annað en að beina sjónum fólks frá aðalatriðum málsins, sem er ranglæti gjafakvótakerfisins í heild sinni. Við hörmum að meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar skuli taka þátt í þessu sjónarspili með stjórnvöldum við miður góðan orðstír.“

– *hj@bb.is*

Með suðrænni sveiflu!
Vorgleði Sjálfstæðisflokksins á norðanverðum Vestfjörðum
Föstudaginn 15. apríl 2005 kl. 20.30 í sal Frimúrara á Ísafirði

Meðal þeirra sem fram koma eru:

Heiðursgestir kvöldsins, Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins

Elvar Logi Hannesson með atriði úr Gísla sögu Súrssonar

Söngtrióíð Ísafjarðardætur og Stútungar frá Flateyri

Hljómsveitin Eidis leikur fyrir dans í suðrænni sveiflu

Veislustjóri er Steinþór B. Kristjánsson (Dúi)

Suðrænn og seiðandi fordrykkur

Spænskt smáréttahlaðbord að hætti SKG-veitinga

Eftirréttur ásamt kaffi

Miðaverð kr. 2.600. Miðapantanir í síma 456 3360. Ath. 18 ára aldurstakmark

Kynning á
Yves Saint Laurent
snyrivörum
fimmtud. - föstud.

- Nýir vor- og sumarlitir
- Ný líkamslína
- Nýir varalitir
- Frábærir kaupaukar

SILFURTORG
Sillurgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3210

Hlökkum til að sjá ykkur

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
13. apríl, 104. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1203 var Guðmundur Arason, hinn góði, vígður Hólabiskup. Hann var þá 43 ára og gegndi embættinu til dauðadags.

Pennan dag árið 1412 gerði illviðri með fannfergi og meira en 20 ensk skip fórust hér við land.

Pennan dag árið 1565 staðfesti Danakonungur lögjöf um stóradóm sem fjallaði um brot í siðferðismálum.

Pennan dag árið 1844 var Jón Sigurðsson kosinn á þing í fyrsta sinn á kjörfundi sem haldinn var í kirkjunni á Ísafirði. Hann hlaut 50 atkvæði af 52. Alþingi kom saman 1. júlí 1845 og var Jón yngstur þingmanna, 34 ára. Hann sat á þingi til ársins 1879.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 60 árum



Flugferðir Loftleiða í mars

Í marsmánuði s.l. flugu flugvélar Loftleiða alls 17.700 km. Flugtími var alls 84 klst. Í mánuðinum voru fluttir 361 farþegi, 3065 kg. flutnings annars en pósts og 805 kg. af pósti. Alls voru farnar 77 flugferðir á 13 flugdögum, þar af tvær sjúkraflugferðir.

Viðkomustaðir voru eftirfarandi: Akranes, Borgarnes, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Staður á Reykjanesi, Patreksfjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður, Hólmavík, Ingólfssfjörður, Siglufjörður, og Lón í Axarfirði.

Mest hafa flugvélar félagsins flogið á einum degi þann 10. apríl s.l. en þá fóru þær á fimm eftirtalda staði og fluttu alls 76 farþega: Til Borgarness, Stykkishólms, Reykhóla og Patreksfjarðar. Var farin ein ferð á hvern stað, og til Ísafjarðar þrjár ferðir þennan dag.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustan 8-13 m/s og rigning víða um land, en úrkomulítið norðaustan til. Hiti víða 2 til 7 stig, en 0 til 5 norðaustanlans.

Horfur á laugardag:

Suðaustlæg átt og vætusamt, einkum sunnanlands, en milt veður.

Horfur á sunnudag og mánudag:

Suðaustlæg átt og vætusamt, einkum sunnanlands, en milt veður.

● Spurning vikunnar

Hversu margar bensínstöðvar verða starfræktar á Ísafirði næsta vetur?

Alls svöruðu 515. – Ein sögðu 70 eða 14% – Tvær sögðu 270 eða 52% – Þrjár sögðu 116 eða 21% – Fjórar sögðu 15 eða 3% – Veit ekki sögðu 44 eða 9%.

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? · Öundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði

Námsfúsir lögreglumenn

„Lífið gengur bara vel hjá lögreglunni á Ísafirði. Þá er helst að fréttá að tveir lögreglumenn eru að útskrifast núna úrtveggja anna sérnámi í stjórnun á vegum Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Aðrir tveir eru að byrja í sama námi. Þegar þeir útskrifast verðum við orðin sex hjá embættinu hér sem hafa

lokið þessu námi. Þetta er gott og metnaðarfullt verkefni.

Framundan er einna helst að fylgjast með reiðhjólamenningunni nú þegar fólk er að taka fram hjólin sín. Við vonum að fólk muni eftir hjálminum eins og það hefur gert í skíðabrekkunum í vetur.

Þá förum við einnig að huga að nagladekkjum undir bifreiðum. Við erum vanalega

ekki með neinn hávaða þó fólk dragi taka nagladekkin undan því oft þarf fólk að ferðast þar sem enn gæti verið hált. Þó bifreiðaeigendur í Reykjavík séu búnir að skipta í má þá er þurfa ökumenn hér lengur á þeim að halda. En þegar tíðin hefur verið góð í langan tíma förum við að yta við fólk,“ segir Öundur Jónsson.



Ekki alltaf hægt að vera fyndinn

Sverrir Örn Rafnsson var valinn Fyndnasti maður Vestfjarða í keppni sem haldin var í Krúsinni á Ísafirði um páskaana. Þar atti hann kappi við fimm keppendur sem einnig sóttust eftir titlinum. Var það í annað sinn sem slík keppni var haldin á Vestfjörðum og margt bendir til að svokallað uppistand sé óðum að hasla sér völl hér vestra. Bæjarins besta ræddi við Sverri um hvað felst í því að vera fyndinn og framavonir hans í uppistandinu

– Hefurðu alltaf verið fyndinn?

„Það held ég. Mér hefur alltaf fundist gaman að vera fyndinn, að segja brandara og láta fólk hlæja að mér. Ég var samt ekki alltaf að reyna vera fyndinn, það kom að mestu að sjálfu sér. Þannig er það oftast í daglegu lífi þó maður reyni náttúrliga að vera fyndinn í keppninni.

– Þú tókst einnig þátt í keppninni um titilinn Fyndnasti maður Vestfjarða í fyrra, var það alltaf markmiðið að fara að ári og vinna keppnina?

„Að sjálfsgöðu. Ég byrjaði strax að finna mér efni að lokinni keppni í fyrra.

– Verðurðu aldrei stressaður þegar þú ert með uppistand?

„Jú, alveg hrikalega. Í keppninni núna fraus ég alveg, er ég var kominn á sviðið datt allt úr hausnum hvað ég ætlaði að segja. En eftir smá stund mundi ég það. Efnid er nefnilega allt í hausnum, ég er ekki mikill penni og skrifa ekkert af þessu niður. Mér finnst best að fara í sturtu í svona korter og hugsa um hluti til að segja á næsta uppistandi.

– Nú varst þú að keppa meðal annars á móti bróður þínum, var einhver sérstakur metnaður á milli þín og hans?

„Nei, alls ekki. Mér finnst bróðir minn mjög fyndinn. Kannski hef ég fengið þetta frá honum en hann er mikill humoristi.

– Hefurðu einhverjum skylndum að gegna sem Fyndnasti



Sverrir Örn kitleið hláturtaugar áhorfenda í keppninni um titilinn Fyndnasti maður Vestfjarða.

maður Vestfjarða?

„Ég þarf að vera fyndinn alla daga. Ég er beðinn í tíma og ótíma að segja eitthvað fyndið. Stundum finnur maður eitthvað skondið til að segja en það er náttúrliga ekki alltaf hægt að vera fyndinn.“

Ákveðið form af leiklist

– Hafðir þú áhuga á að fara í uppistand áður en þú fórst í keppnina?

„Já, það hefur lengi verið áhugamál hjá mér. Ég lít á uppistand sem ákveðið form leiklistar. Uppistand er mjög heitt um þessar mundir og mikilið af atvinnuuppistöndurum að koma fram. Ég fór einmitt að sjá Eddie Izzard fyrir skömmu. Hann var alveg ótrúlega fyndinn og maður var með harð-

sperrur í maganum í fjóra daga á eftir. Hann er fyrirmynd minn enda tel ég hann vera besta uppistandara theiminum í dag.

– Hvert er framhaldið í gríninu hjá þér?

„Ef haldin verður keppni um fyndnasta mann Íslands í Reykjavík hef ég rétt til að taka þátt. En það er ekki víst að hún verði haldin og hún var ekki í fyrra. Ég mun að sjálfsgöðu taka þátt ef af henni verður, þar sem það er tækifæri til að koma mér á framfæri fyrir sunnan.

– Efirðu þig áður en þú kemur fram eða frumflytur þú efnid á staðnum?

„Nei, maður mætir bara og fer með efnid. Sumt hefur maður ákveðið að segja en svo dettur manni oft eitthvað í hug þegar maður er á sviðinu,

þannig að einnig er talsverður spuni í þessu.

Í keppni eins Fyndnasti maður Vestfjarða er best að vera annar eða þriðji í röðinni. Þá hefur sá sem kemur fyrst fram hitað áhorfendur upp.

– Hver er markmiðið í glensinu hjá þér, hve langt er hægt að komast í þessum bransa?

„Toppurinn væri náttúrliga að geta lifað á því að vera fyndinn. Ferðast um heiminn og troða upp. En nú er bara að bíða og sjá hvort keppnin verði haldin í Reykjavík svo ég geti tekið þátt. Í næstu keppni um fyndnasta mann Vestfjarða verð ég gestadómari því ég má ekki taka þátt aftur nema taka mér árs hlé á milli. Ég vona bara að fleiri taka þátt á næsta ári því þetta er mjög skemmtilegt“, segir Sverrir Örn, fyndnasti maður Vestfjarða.

● Uppáhaldsstaðurinn · Fríða Rúnarsdóttir, handverkskona á Ísafirði

Líður best í sveitinni

„Uppáhaldsstaðurinn minn er Hafnardalur við Langadalströnd sem er inni í Djúpi. Mamma mín á sumarbústað þar og ég fer þangað á hverju sumri. Ég reyni í hvert sinn að vera eins lengi og ég get og er þar um þrjár vikur á hverju ári. Ég hef farið þangað frá því að ég var krakki og fer



núna með mína fjölskyldu. Svo yndislegt er að vera þarna og fallett umhverfi. Það er svo afslappandi og yndislegt að vera þar sem engin utanaðkomandi áreiti eru. Manni líður best í sveitinni,“ segir Fríða Rúnarsdóttir, handverkskona á Ísafirði.



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

Jafnaðarmennska

Ragnheiður Hákonardóttir frá Reykjarfirði í Djúpi var lengi ráðskona í Reykjanesskóla. Hún varð tengdamóðir séra Baldurs Vilhelmssonar, síðar prófests í Vatnsfirði. Ragnheiður var mikilhæf dugnaðarkona, stjórnsmá og vildi hafa allt í röð og reglu. Fljótlega eftir að séra Baldur kom í Djúpið gerðist hann kennari við Reykjanesskóla. Fyrstu árin var hann jafnframt eftirlitsmaður með heimavistum nemenda. Eitt sinn var ráðskonan að baka pönnukökur. Komust þá strákar í skólanum í pönnukökurnar, stálu vænum bunka og tóku til fótanna með ransfenginn. Þegar ráðskonan uppgötvaði þjófnadinn kallaði hún á verðandi tengdason sinn og klagði strákana fyrir honum sem vistarverði. Séra Baldur brá hart við og fann strákana skömmustulega með pönnukökurnar. Þeir ætluðu að fara aftur niður í eldhús og skila þeim, en þá mælti séra Baldur: Nei, ekki skila þeim! Við skiptum jafnt.

● Starflið mitt · Böðvar Þórisson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða



Ætlaði að verða hugmyndaflugmaður

Ég er líffræðingur og hef starfað hjá Náttúrustofu Vestfjarða í tvö og hálf ár en var mest á sjó áður. Yfir veturna felst starfið mest í skrifstofuvinnu að skrifa skýrslur t.d. umhverfismat. Sumrin fara að mestu í vettvangsvinnu t.d. fuglatalningar, athugun á lífríki í vötnum og/eða straumvötnum o.fl.

Hefðbundinn starfsdagur yfir vetrartímann er frá kl. 8-5 í skýrsluvinnu en oft kemur eitthvað upp sem brýtur upp daginn. Skólaheimsóknir á Náttúrugripasafnið, krakkar koma kannski með slasaðan eða dauðan fugl, fólk kemur með erlend skordýr sem ég síðan beini til Þorleifs Eiríkssonar forstöðumanns en það

er meira á hans sérsvið. Yfir sumarið er erfitt að hlekkja mig við skrifborðið. Við förum nokkrar ferðir á Hornstrandir í sýnatöku og/eða fuglatalningar. Veðrið skiptir miklu máli í því tilvikum þar sem oft þarf að fara með skjótum fyrirvara. Fuglamerkingarnar eru utan vinnutímans og er mitt persónulegt áhugamál en hefur

auðvitað visindalegt gildi. Helstu kostir við starfið er að það er mjög fjölbreytt en hins vegar koma oft langir dagar fyrir framan tölvuskjáinn. Starf líffræðings er mjög fjölbreytt á jafn lítilli stofnun eins og Náttúrustofu Vestfjarða en það er sjaldnar að starf líffræðings sé svo á stærri stofnunum.

Þegar ég var yngri ætlaði ég að verða hugmyndaflugmaður en nú er draumastarfið Starf á svipuðum vettvangi og ég er í nú en með meiri útvinnu og þá helst um allan heim t.d. Ástralía, Suður Ameríka, Grænland o.fl. lönd,“ segir Böðvar Þórisson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

● Brennslan mín · Sóley Arnórsdóttir, starfsmaður á snyrtistofu á Ísafirði

Lög sem ylja manni um hjartaræturnar

Það er ógrýnni af lögum sem eiga sérstaka merkingu hjá manni og eru þar af leiðandi í uppáhaldi en þetta eru þau tíu lög sem ég man eftir í fljótu bragði.

- 1. Bíddu pabbi, bíddu mín – Vilhjálmur Vilhjálmsón**
Ég og æskuvinkona mín fundum gamla plötu með Vilhjálmi sem pabbi hennar átti og líkaði vel. Við hlustuðum á hana daginn út og inn.
- 2. Love is all around me – Wet wet wet**
Lagið var mikið spilað sumarið sem ég kynnst mannum mínum og þegar ég heyri það hugsá ég um það tímabil.
- 3. Pig bara þig – Sálín hans Jóns míns**
Það er varla hægt að gera uppi á milli laga Sálárinna
- 1. Nothing compares to you – Sinaed O'Connor.**

Minnir mig á tímann þegar ég byrjaði í gagnfræðaskólunum, þá ómaði þetta lag fyrir eyrunum á manni hvert sem maður fór.

en allra upphaldslögin er þetta og Neistinn. Gott er að setja Sálina á fóninn og hækka í botn þegar maður er að þrifa húsið.

- 4. Eye of the tiger – Survivor**
Lagið er úr myndinni Rocky sem mér finnst mjög skemmtileg og lagið kemur mér alltaf í stuð.
- 5. Somewhere over the rainbow – Eva cassidy**
Mjög fallett lag sem yljur manni um hjartaræturnar.
- 7. Lína langsokkur – Úr leikritinu**

Dóttir mín hlustar grimmt á þetta lag og er mikill aðdáandi Línu og það er ég líka. Við hlustum ósjaldan á lagið saman og það minnir mig á hana.

- 8. Hip hip – Weezer**
Þetta lag minnir mig einnig á dóttur mína en þetta var fyrsta lagið sem hún vildi dansa við. Hún bað oft um að það væri spilað svo hún gæti dansað.
- 9. Dance with my father – Luther Vandross**
Fallett lag og textinn snertir hjartastreng.



Sóley Arnórsdóttir.
10. Imagine – John Lennon
Boðskapurinn er svo fallægur í laginu. Ég er líka mikill Lennon aðdáandi.

Aðalfundur KFÍ Útlit fyrir viðburðarárikt ár

Aðalfundur Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar verður haldinn á Hótel Ísafirði kl. 20.30 á fimmtudag. Á dagsskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf svo sem skýrsla stjórnar, ársreikningar og kjör aðal- og varastjórnar. Verður þá fjallað um reglugerðarbreytingar auk annarra mála. Útlit er fyrir að árið framundan verði viðburðarárikt hjá KFÍ. Félagið fagnar 40 ára afmæli á árinu og verður gestgjafi landsþings Körfuknattleikssambands Íslands.

– thelma@bb.is

● Kirkjustarf
Messa í Hnífsdalskapellu sunnudaginn 17. apríl kl. 14:00.
Aðalsafnaðarfundur á eftir.



Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

Breytist Sundstræti 36 í íbúðahús



Norðurtangahúsið að Sundstræti 36.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við að notkun hússins að Sundstræti 36 á Ísafirði, sem áður hósti hluta af starfsemi Norðurtangans, verði breytt. Tryggvi Guðmundsson sendi nefndinni ósk um að breyta efri hæðum hússins í íbúðir en á jarðhæð verði bílgeymslur og iðnaðarhúsnæði. Í bókun nefndarinnar kemur fram að hún geri ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu en bendir á að væntanlegur hús-eigandi þurfi að sækja um og kosta breytingu á aðal- og deiliskipulagi vegna þessa.

– *hj@bb.is*

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

Fellst á afnot Orkubúsins af stíflu í Tunguá



Tungudalur.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur fyrir sitt leyti fallist á afnot Orkubús Vestfjarða af stíflu Vatsveitu Ísafjarðar í Tunguá í Tungudal. Orkubúinn hyggst nýta stífluna til vatnöflunar Tungudalsvirkjunar sem er í undirbúningi hjá Orkubúinu. Í samþykkt umhverfisnefndar segir að nefndin

heimili Orkubúinu afnot af efri stíflunni í Tunguá í samræmi við ósk fyrirtækisins þar sem fram kemur að komi til þess að Vatsveita Ísafjarðar þurfi á vatninu að halda víki Orkubúinn og einnig að ekki verði hróflað við lögnum Vatsveitunnar vegna framkvæmda Orkubúsins.

– *hj@bb.is*

Umhverfisnefnd

Samþykkir að breyta skipulagi að ósk Bensín- orkunnar

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum á dögunum tillögu Einars Ólafssonar arkitekts að breyttu deiliskipulagi á Skeiði í Skutulsfirði. Breytingin er á þann veg að tenging Tungubrautar við Skutulsfjarðarbraut ferist um 40 metra til norðurs frá því sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Einnig stækkar lóðin að Skeiði 1 við þessar breytingar.

Breytingar þessar eru gerðar að frumkvæði Bensínorkunnar ehf. sem hyggst opna bensínstöð á lóðinni Skeiði 1 þar sem nú er meðal annars til húsa verslun Bónuss. Eins og áður sagði samþykkti umhverfisnefnd tillögu Einars um að tillagan verði auglýst samkvæmt skipulags- og byggingalögum.

– *hj@bb.is*

Sárt kvartað undan hundaskít á gangstéttum

Urðavegsbrekkan sérstaklega nefnd



Hundaskítur í Urðavegsbrekkunni.

Nokkrir bæjarbúar á Ísafirði hafa haft samband við vefinn og kvartað sáran undan hundaskít sem liggur víða á gangstéttum í bænum. Hefur Urðavegsbrekkan sérstaklega

verið nefnd í því sambandi. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér virðist vera fótur fyrir þessum kvörtunum.

Eins og sagt var frá í byrjun mars hefur sumum hundaeigendum þótt erfitt að fylgja eftir þeirri gullnu reglu að hreinsa upp eftir hunda sína, þar sem ruslafótur finnast fáar og sjást varla í íbúðarhverfum.

Einnig þykir eigendum þessarra skepna ótækt að engin ruslagámur skuli vera á Suðurtanga á Ísafirði þar sem vinselt er að víðra hunda. Afleiðing þessa sé hundaskítur á víð og dreif á sandinum, hundaviðrum og öðru útivistarfólki til ama.

Aðspurður um þetta sagðist Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, kannast við vandamálið. „Þetta er eitthvað sem mjög mikilvægt er að sé í lagi og kostar í raun ekki mikið að ráða bót á“, sagði Halldór í mars.

– *halfdan@bb.is*

Styrktarsjóður stofnaður

Félagsmenn og aðrir geta sótt um styrki

Á aðalfundi krabbameinsfélagsins Sigurvegar á Ísafirði sem haldinn var fyrir skömmu var samþykkt stofnun styrktarsjóðs sem ber nafn félagsins. Stofnfé sjóðsins er ein milljón króna sem Bónus gaf félaginu í tilefni af 15. ára afmæli fyrirtækisins þann 8. apríl 2004. Í samþykktum styrktarsjóðsins segir að aðrar tekjur sjóðsins skuli koma frá minningarkortum sem sjóðurinn selur svo og frá frjálsum framlögum og gjöfum félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga.

Sigurður Ólafsson formaður Sigurvegar segir að tilgangur og markmið sjóðsins sé að efla hverja þá starfsemi sem lýtur að málefnum krabbameinssjúklinga á starfssvæði Sigurvegar og auka lífsgæði þeirra. Hann segir að sjóðurinn muni reyna að styrkja með einum eða öðrum hætti hvers konnar fræðslustarfsemi sem kemur krabbameinssjúkling-

um til góða. Einnig mun sjóðurinn veita styrki til annarra verkefna til dæmis í þágu umönnunar, meðferðar og lækningu krabbameinssjúklinga.

Að sögn Sigurvegar geta allir félagsmenn Sigurvegar sótt um styrki úr sjóðnum svo og þeir sem starfa að málefnum krabbameinssjúklinga. Það er stjórn Sigurvegar sem fer með stjórn sjóðsins og segist Sigurvegur ekki efast um að hann eigi eftir að koma í góðar þarfir og hvetur hann alla þá sem áhuga hafa á styrkjum úr sjóðnum að hafa samband við félagið.

Eins og áður kom fram nýtur sjóðurinn tekna af sölu minningarkorta sem félagið hefur til sölu og hvetur Sigurvegur alla sem styrkja vilja starfsemi sjóðsins til þess að kaupa minningarkortin sem seld eru í ýmsum verslunum á Ísafirði.

– *hj@bb.is*